



Hér gefur að líta þá umtalsverðu hraunbreiðu sem myndaðist á einungis rúmum sólarhring þegar hraun rann úr gossprungunni sem opnaðist á mánudaginn. Nýja sprungan opnaðist um fimm hundruð metrum frá fyrri sprungunni í Geldingadölum og rennur hraunið úr henni af þónokkrum hraða og krafti eftir gili og þaðan niður í Meradali. Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Frjókornum hefur fjölgað hér á landi og ofnæmi aukist

Samkvæmt nýrri rannsókn Náttúrufræðistofnunar hefur frjókornum fjölgað á Íslandi. Þá hafa nýjar tegundir frjókorna bæst við frá Evrópu. Þar með talin frjókorn afar ofnæmisvaldandi plantna. Fólk sem hefur ofnæmi fyrir þeim finnur fyrir einkennum vegna þeirra áður en íslensku plönturnar blómstra.

HEILBRIGÐISMÁL Frjókorn hafa aukist á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri á undanförunum þrjátíu árum og finnast fyrr á árinu en áður. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn Náttúrufræðistofnunar sem telur kornin á stöðunum tveimur. Ewa Maria Przedpelska-Wasowicz, sérfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, segir aukninguna ekki linulega og að sveiflur séu miklar milli ára, einkum vegna veðurfars. Ef horft er til langs tíma sést aukningin þó, einkum í birkifrjókornum og grasi. „Stundum sjáum við jafn há gildi hér og á meginlandi Evrópu,“



Ewa Maria Przedpelska-Wasowicz, sérfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun

segir Ewa. „Við erum að fá frjókorn hingað áður en íslensku plönturnar blómstra. Frjókorn frá Evrópu sem geta borist í miklum mæli.“ Dæmi um þetta eru korn ambrósiunnar (e. ragweed) sem fundust hér ekki áður og valda miklu ofnæmi. En frjókorn geta einnig haft áhrif á aðra sjúkdóma,

til dæmis öndunarfærasjúkdóma, hjartasjúkdóma og geðsjúkdóma. Samkvæmt Ewu kemur mest af frjókornunum frá stöðunum sjálfum, Akureyri og höfuðborgarsvæðinu, sem hafa mörg græn svæði. Þetta á þátt í aukningunni sem og aukin skógrækt á Íslandi. Aðalástæðan er þó hlýnun jarðar. „Loftslagið er að breytast, plöntunum að fjölga og þær blómgast fyrr,“ segir Ewa. „Áður fyrr hófum við talningar í maí en núna þurfum við að byrja í apríl.“ Davíð Gíslason, sem starfað hefur sem ofnæmislæknir frá árinu 1977, segist hafa tekið eftir aukningu á

frjókornaofnæmi hér á landi síðan hann hóf störf. Hann telur hlutfall ungs fólks með frjókornaofnæmi vera um 20 prósent, en í rannsókn árið 1990 mældist það 12 prósent. „Þetta er sjúkdómur ungs fólks,“ segir Davíð. Langflestir, um 95 prósent, fá fyrstu einkenni fyrir fertugt og 60 prósent fyrir 16 ára aldur. „Frjókornaofnæmi hefur mjög slæm áhrif á lífsgæðin. Þegar fólk þarf á því að halda að njóta sumarsins er það undirlagt af nefrennsli, stíflum og hnerrum,“ segir Davíð, aðspurður um áhrifin. Lyf geta virkað vel, en aðeins séu þau tekin í tæka tíð. – khg

Telur fund með Björgólfi Thor trúnaðarbrot

VIÐSKIPTI Halldór Kristmannsson, sem var einn nánasti samstarfsmaður Róberts Wessman um langt skeið, stofnanda fyrirtækisins, upplýsti um það í viðtölum við lögmannsstofuna White & Case að hafa fundað með Björgólfi Thor Björgólfssyni, fjárfesti og aðal-eiganda Novator, í nóvember 2020. Í stefnu Alvogen á hendur Halldóri segir að samkvæmt lýsingum Halldórs hafi tilgangur hans með fundinum verið að „afla upplýsinga í því skyni að reyna að koma sér í aðstöðu sem gæti nýst honum til að gera kröfur á hendur félaginu um fjárhagslegt uppgjör sér til handa.“ Alvogen segir í stefnunni að félagið telji „slík samskipti mjög alvarlegt trúnaðarbrot“. Þá heldur Alvogen því fram að tilgangur Halldórs með því að leita til lögmannsstofunnar Quinn Emanuel hafi „verið að komast í samningsstöðu til að knýja fram fjárhagsbætur“. – hae / sjá Markaðinn

Út í búð er svoooo búið!
heimkaup



Aukinn kraftur verður settur í vef DV á meðan blaðið kemur ekki út.

Útgáfu DV hætt tímabundið

FJÖLMÍÐLAR Prentútgáfa DV fer í tímabundið útgáfuhlé og mun því ekkert blað koma út á næstunni.

Þetta kemur fram á vef DV, þar sem segir að helsti áhrifaþátturinn sé heimsfaraldurinn sem hefur gert auglýsingasölu erfiða og hamlað útgáfu með ýmsum hætti. Breytingarnar taka tafarlaust gildi og munu greiðsluseðlar til áskrifenda fyrir apríl verða felldir niður.

Á meðan á útgáfuhléi stendur verður aukinn kraftur settur í vefmiðilinn DV.is. Þá mun helgarviðtal DV birtast alla föstudaga á vefnum.

Í lok mars var tilkynnt að Þorbjörg Marinósdóttir hefði sagt starfi sínu sem ritstjóri DV lausu í febrúar. Hún starfar þó enn hjá Torgi og kemur til með að fylgja breytingunum úr hlaði. – kdi

Blíðskaparveður í Bláfjöllum



Frábært veður var til hvers kyns útivistar í Bláfjöllum í gær. Þó svo að það hafi verið nokkuð napurt skein sólin skært í heiði og nánast var stillt. Þessir tveir vösku kappar drógu fram gönguskíðin sín og renndu sér eftir troðnum slóðum sem gerðir hafa verið á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Þeir sem ekki eru á klíník mæti ekki í bólusetningu

COVID-19 Embætti landlæknis biðlar til þeirra sem falla undir ákvæði 3. greinar laga um heilbrigðisstarfsmenn og ekki eru í klínísku starfi að sinna ekki boði sem þau hafa fengið um að mæta í bólusetningu. Þeir heilbrigðisstarfsmenn sem sinna sjúklingum með beinum hætti og nauðsynlegt er að hljóti bólusetningu gegn COVID-19 samkvæmt nánari ákvörðun sóttvarnalæknis hafa verið boðaðir í bólusetningu.

Eina leiðin til að ná til allra stétta heilbrigðisstarfsmanna á kerfisbundinn hátt er að nota starfsleyfaskrá og rekstraraðilaskrá Landlæknis. Heimild fékkst frá Persónuvernd og Sjúkratryggingum til að nota skráningu á heilsugæslustöð og lögheimili til að staðsetja einstaklinga á þeim skráum á landinu.

„Ekki var unnt að hafa samband við alla einstaklinga á þessum skráum til að staðfesta að þeir sinni klínískum störfum, þar sem þeir

» Um 20.000 manns sem eru í klínísku starfi eða hafa verið það hafa fengið boð um að mæta í bólusetningu.

eru yfir 20.000. Meðal þeirra sem munu fá boð eru trúlega fjölmargir læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, þroskajálfar og fleiri sem ekki eru í klínísku starfi.

Einstaklingar í þessari stöðu eru hvattir til að þiggja ekki þetta fyrsta boð í bólusetningu gegn COVID heldur hugleidda að hver skammtur sem er notaður fyrir hóp fimm, tefur litillega bólusetningar einstaklinga með áhættuþætti fyrir alvarlegri COVID-19 sýkingu undir sextugu. Það kemur að því að allir sem vilja bólusetningu geti fengið hana, en við höfum ekki bóluafni fyrir alla fyrr en síðar á árinu,” segir í tilkynningu á vef Landlæknis. – hó

Starfsfólk frætt vegna óupplýstra laugargesta

Reykjavíkurborg hefur gefið út bækling um ýmis viðbrögð og svör við fyrirspurnum og kvörtunum um að transfólk noti kyngreinda klefa í sundi. Dóra Björt Guðjónsdóttir borgarfulltrúi segir opin samfélög vera betri samfélög.

SAMFÉLAG Reykjavíkurborg hefur kynnt leiðbeiningabækling fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja vegna kvartana um transfólk. Farið er yfir viðbrögð og svör við fyrirspurnum og kvörtunum um að transfólk noti kyngreinda klefa.

Dóra Björt Guðjónsdóttir, formaður mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs, segir borgina vilja vera í fararbroddi er komi að mannréttindum. Þá sé það vitað að þekking sé öflugt vopn gegn fordómum.

„Þetta er hluti af stærri vegferð okkar í borginni sem snýr að markvissri vinnu við að auka aðgengi mismunandi hópa eins og allra kynja, fatlaðs fólks og fólks af öllum uppruna að þjónustu borgarinnar, borgarlandinu og borginni sem starfsstað. Borgin er samfélag þar sem öllum á að líða vel.“

Dóra segir að lög um kynrænt sjálfræði festi í sessi rétt transkvenna til að fara í kvennaklefa óháð leiðréttingarferli eða hvort viðkomandi hafi undirgengist aðgerð. Það eigi sömuleiðis við um transkarla. Sérklefar eru nú í boði fyrir alla sundgesti borgarinnar.

„Það hentar sumum en ekki öllum. Við erum með þessu að valdefla starfsfólk og vekja athygli á þessum réttindum, svo einstaklingar geti sótt sér þjónustu og nýtt sér þá klefa sem henta, til dæmis í sundlaugum, án þess að verða fyrir óþægilegri upplifun,” segir Dóra. Málið snúist um réttindi og vilja sem kveðið sé á um í lögum um kynrænt sjálfræði.

„Það er ekki nóg að hafa réttindi ef viðkomandi getur ekki nýtt sér þau. Hér erum við að axla okkar ábyrgð sem stjórnvald.“

benediktboas@frettabladid.is



Svandís A. Sigurðardóttir, sérfræðingur í jafnréttis- og hinseginmálum, vann leiðbeiningar í samráði við Samtökin 78 og Trans Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Leiðbeiningar um samskipti vegna fyrirspurna um transfólk í kyngreindum klefum

Gestur: „Það er karlmaður í kvennaklefanum.“

Starfsfólk: „Getur verið að þetta sé transkona, með typpi/með karlkyns kynfæri?“

Gestur: „Ég veit ekkert um það, þetta er bara karlmaður.“

Starfsfólk: „Var viðkomandi að sýna einhverja óviðeigandi hegðun?“

Gestur: „Nei hann var bara í sturtu.“

Starfsfólk: „Var viðkomandi ógnandi?“

Gestur: „Nei hann var ekki að gera neitt.“

Dæmi 2

Gestur: „En þetta getur verið hættulegt, ef karlar fara að stunda það að mæta í kvennaklefanum, segjast bara vera trans.“

Starfsfólk: „Það er ekkert sem bendir til þess að það fylgi því hættu að leyfa transfólki að nota kyngreinda klefa, það hefur gert það í áratíðir. Lög og reglur sem leyfa transfólki að nota klefa í takti við kynvitund þess leyfa ekki kynferðislega áreitni eða ofbeldi. Það er, og mun áfram vera ólöglegt fyrir allt fólk, alls staðar. Það þekkist ekki að fólk þykist vera trans til þess að komast í kyngreinda klefa og það hefur ekki haft þau áhrif að ofbeldi aukist.“

Gestur: „En mér finnst ég bara ekki örugg í klefanum.“

Starfsfólk: „Ef þér finnst þú óörugg þá skulum við skoða hvernig hægt sé að bæta úr því, en við munum þó ekki geta það með því að útiloka transfólk.“

Allt fyrir veisluna á einum stað

Skraut, borðbúnaður, búningar og tækjaleiga



PARTYBÚÐIN

FAXAFEN 11, 108 REYKJAVÍK, S. 534-0534

WWW.PARTYBUDIN.IS

VIÐ KYNNUM *Lúxus Dís*



LÁTTU ÞIG DREYMA

Kynnum til sögunnar nýtt útlit á **DÍS** Íslensku heilsurúmum okkar.
Nú getur þú gert svefnherbergið þitt enn fallegra, eins og þig dreymir um.

Öll okkar rúm fást nú í nýju útliti sem gerir þér kleift að velja áklæði semdýna, botn og höfðagafi
eru bólstruð með. Lakið fer því einungis yfir yfirdýnuna þannig að heildarsvipur rúmsins
heldur sér þegar búið er um og gerir svefnherbergið enn fallegra.



Beinin sem fundust í Vopnafirði komin til kennslanefndar

VOPNAFJÖRÐUR Bein sem fundust í fjöru við Vopnafjörð síðastliðinn fimmtudag eru komin til kennslanefndar. Þetta segir Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn á Austurlandi.

Slikir fundir séu á forræði nefndarinnar sem hafi meðal annars milligöngu um DNA-greiningu á beinum. Hann segir að þótt ekkert bendi til að neitt saknæmt hafi átt sér stað sé allt opið meðan málið er til rannsókna.

Það er lögreglan á Austurlandi sem fer með rannsókn málsins en það er kennslanefndar að bera kennsl á þann sem beinin eru af.

Niðurstaða ætti að liggja fyrir í síðasta lagi um mánaðamótin, að hans sögn. Þegar hún liggur fyrir er hún borin saman við gögn um horfna einstaklinga og athugað hvort einhver samsvörun finnst.

Það er ekkert sem bendir til þess að þarna hafi eitthvað saknæmt átt sér stað, beinin eru skoðuð með það



Rannsóknin getur tekið einhverjar vikur. Í þessu tilfelli er einkum horft til DNA.

Runólfur Þórhalls-son, formaður kennslanefndar



í huga eins og hægt er, segir Kristján.

Beinin eru komin á borð kennslanefndar og eru í hefðbundnu ferli, að sögn Runólfs Þórhalls-sonar formanns kennslanefndar.

„Rannsóknin getur tekið einhverjar vikur,“ segir hann. Nefndin horfi fyrst og fremst til DNA-rannsóknar til að bera öyggiandi kennsl á beinin, en einnig mögulega tannlæknaskýrslna og fingrafararannsóknna.

„Í þessu tilfelli er einkum horft

til DNA,“ segir Runólfur. Sýni verði tekið úr beinum hér og það sent til Skandinavíu.

Einnig verði kannað hvort gangráður finnst, merki um liðskipta- aðgerðir og annað sem hægt er að nýta til að bera fullkomin kennsl á beinin.

Runólfur segir lögreglu halda skrá yfir alla horfna á Íslandi. Gögnin verða borin saman við hana þegar niðurstaða greiningar á beinum liggur fyrir. – þþ



Rúnturinn um Reykjanesbæ fer ekki vel með bilinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hefur áhyggjur af götunum í Reykjanesbæ

GATNAMÁL Uppsöfnuð viðhaldsþörf á götum Reykjanesbæjar er orðin mikil. Margar götur eru komnar á svokallað rautt stig. Það þýðir að yfirborð gatnanna er orðið það slæmt að ef ekki verður farið í að fræsa og yfirleggja þær innan tíðar er hætt við að burðarvirki vegarins skemmist og þá er um að ræða mun kostnaðarsamari viðgerðir.

» Reykjanesbær hefur varið allt frá 60 til 120 milljónum í viðhald á götum bæjarins síðustu árin.

Þessar viðhaldsframkvæmdir eru metnar á um það bil 450 til 500 milljónir króna. Árleg viðhaldsþörf er um 300 milljónir króna en Reykjanesbær hefur varið frá 60 milljónum allt upp í 120 milljóna í viðhald á götum bæjarinnar undanfarin ár.

Þetta kemur fram í skýrslu sem Guðlaugur H. Sigurjónsson, sviðsstjóri Umhverfissviðs Reykjanesbæjar, kynnti nýverið fyrir bæjarráði Reykjanesbæjar.

„Mörg undanfarin ár höfum við ekki getað viðhaldið götum bæjarinnar sem skyldi og er nú ástandið orðið með þeim hætti að við erum farin að hafa verulegar áhyggjur,“ segir í skýrslunni. – bb

Mikið fé í súginn verði rekstri sóttvarnahótelsins hætt strax

Forstjóri Sjúkratrygginga Íslands segir að verði sóttvarnahótel í Þórunnartúni lokað á undan áætlun, sitji ríkið eftir með háan reikning vegna ónýttar gistingu. Verði slíkum rekstri haldið áfram þurfi að semja við fleiri gististaði og því vilji SÍ ekki gefa upp samningsupphæðina í Þórunnartúni að svo stöddu.

COVID-19 „Við teljum ekki skynsamlegt að gefa upp nákvæmt samningsverð á meðan framkvæmd sóttvarnaaðgerða og þar með þörf á hotelherbergjum er til skoðunar,“ segir María Heimisdóttir, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands, um kostnaðinn við sóttvarnahótel í Þórunnartúni.

Héraðsdómur Reykjavíkur sagði í úrskurði á annan í páskum að reglugerð um sóttvarnahótel hefði ekki lagast. Þar með er ekki hægt að skikka fólk til að taka út sóttkví í hótelið í Þórunnartúni eins og gilt hafði frá 1. apríl. María Heimisdóttir segir að verði niðurstaðan sú að rekstri sóttvarnahótela verði haldið áfram þurfi jafnvel að semja við fleiri hótél.

Samningar á borð við þann sem nú gildir fyrir hótelið í Þórunnartúni eru almennt gerðir til eins mánaðar, að sögn Maríu. Sá samningur nái til aprílmánaðar og feli bæði í sér greiðslu ákveðinnar upphæðar og greiðslur eftir nýtingu hótelsins. Sem fyrr segir vill hún ekki upplýsa um samningsupphæðina.

„Þar sem nú ríkir óvissa um rekstur sóttvarnahótela þá telja Sjúkratryggingar Íslands óvarlegt að gefa upp samningsverð ef svo skyldi fara að semja þurfi við fleiri hótél,“ itrekar forstjórinn.

Þótt María segi ekki unnt að gefa upp samningsupphæðina vegna Þórunnartúns undirstrikar hún að herbergin þar hafi fengist vel undir markaðsverði hótela. „Og það jafnvel þó að við séum búin að bæta við aukakostnaði eins og Rauða krossinum og öryggisgæslu. Frá 11. apríl



Óvissa er um rekstur sóttvarnahótels í Þórunnartúni eftir úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Telja Sjúkratryggingar Íslands óvarlegt að gefa upp samningsverð ef svo skyldi fara að semja þurfi við fleiri hótél.

María Heimisdóttir, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands



greiða hotelgestir tíu þúsund krónur á nótt og það vegur þá upp á móti kostnaði hins opinbera,“ segir hún.

Verði niðurstaðan sú að hætta að skylda alla komufarþega í opinbert sóttvarnahús segir María ljóst að háar upphæðir myndu ekki nýtast vegna samningsins við Foss-hótel um herbergin í Þórunnartúni. Engar upplýsingar um breytt vinnulag vegna rekstursins hafi hins vegar borist.

Flestir sem dvöldust á hótelið á mánudag dvöldu þar áfram þrátt fyrir niðurstöðu héraðsdóms. María segist hafa fullan skilning á því að einhverjir gestanna séu ósáttir en kveður hótelið hins vegar uppfylla sett skilyrði um slík úrræði. „Eftir því sem ég best veit er það minnihlutinn sem er að gera athugasemdir,“ segir forstjóri Sjúkratrygginga Íslands. gar@frettabladid.is

Myndi skila mun meiru að rykbinda

UMHVERFISMÁL Þorsteinn Jóhannsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, segir að á vorin valdi þurrar götur og rakastigið því að umferð bíla minnki loftgæði umtalsvert. Þar vegi mest notkun nagladekkja. Þá telur hann að bæta mætti loftgæðin með því að rykbinda götur í stað þess að nota götusópa.

„Þó svo að loftgæðin séu mælanlega verri á þessum tíma árs þá er dagur eins og var í gær ekki þannig að við sendum frá okkur viðvörn um takmörkun á útiveru. Það er hins vegar þannig að þeir sem eru með mikinn astma og eldra fólk getur fundið fyrir einkennum vegna þessa svifryks, sem er mælanlega herra á dögum þar sem er þurr og stílt,“ segir Þorsteinn.

„Ísland er alla jafna í einu af þremur efstu sætum í árlegri skýrslu Loftslagsstofnunar Evrópu. Þar eru Finnland, Svíþjóð og Eistland alla jafna við toppinn,“ segir hann.



Mikil svifryksmengun var í höfuðborginni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Til þess að stemma enn betur stigu við því að loftgæðin versni mætti í fyrsta lagi minnka notkun á nagladekkjum þegar göturnar eru ekki hálar. Svo gefur rykbindingu á stofnbrautum með saltlausn, sem Svíar og Finnar notast við, betri raun en að sópa göturnar líkt og við

gerum. Ef götusópar eru notaðir þyrfti að spúla göturnar í kjölfarið til þess að það skili betri árangri. Mér finnst Vegagerðin og sveitarfélögin vera opin fyrir því að nota rykbindingu og vonandi verður stefnubreyting í þá átt á næstu árum,“ segir sérfræðingurinn. – hó



LYFSALINN

**GLÆSILEGT APÓTEK
Í ORKUHÚSINU
URÐARHVARFI 8**

Verið hjartanlega velkomin

www.lyfsalinn.is

OPIÐ
9.00 - 18.00
virka daga

Sturtuklefi



Fast-fix sturtuklefi
með smellukerfi,
engar skrúfur,
ekkert sílikon!

94.500

Verðdæmi stærð 80x80

Ármúli 31 | 588 73 32 | i-t.is
Virka daga 9-18 | Laugardaga 11-14

**INNRETTINGAR
& TÆKI**



Svæðið á milli gosstöðvanna tveggja á Reykjanesi segir Þorvaldur Þórðarson að geti verið hættulegt þeim sem leggja leið sína að eldgosinu, þar sé líklegast að nýjar sprungur myndist eða opnist. Á myndinni, sem tekin var síðdegis í gær, sjást gigarnir í Geldingadölum efst til hægri og nýja sprungan í Meradölum niðri til vinstri. Lokað var fyrir umferð á svæðinu í gær. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Allir líti til beggja hliða á gossvæðinu

Þorvaldur Þórðarson jarðvísindamaður segir ekki ólíklegt að nýjar sprungur myndist eða opnist á gossvæðinu á Reykjanesi. Yfirþrýstingur sé á aðfærslukerfinu. Hættuna fyrir þá sem leggja leið sína að gossvæðinu segir hann mesta á milli gosstaðanna tveggja.

ELDGOS „Það skiptir engu máli hvaða pípu þú ert með, ef þú setur meira inn í hana en kemur út, þá eykst þrýstingurinn,“ segir Þorvaldur Þórðarson, jarðvísindamaður hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, um þrýstinginn í aðfærslukerfinu í eldgosinu á Reykjanesi.

Nýjar sprungur opnuðust á gossvæðinu í fyrradag, nánar tiltekið í Meradölum, og í fyrrinótt komu í ljós þar nýjar sprungur sem eru um eins metra djúpar. Þorvaldur segir ekki ólíklegt að ný sprunga eða sprungur opnist á svæðinu. „Við erum búin að sjá þarna þessa viðbót og framleiðnin í gosinu hefur næstum tvöfaldast og kerfið er að ná betra jafnvægi,“ segir hann.

„En ef það er rétt metið að innflæðið sé meira en útflæðið þá þýðir það að yfirþrýstingur sé hugsanlega á kerfinu, sem getur orðið til þess að ný sprunga mynd-

Framleiðnin í gosinu hefur næstum tvöfaldast og kerfið er að ná betra jafnvægi.

Þorvaldur Þórðarson, jarðvísindamaður hjá HÍ



ast,“ segir Þorvaldur. Hann segir allt benda til þess að innflæði kviku sé um fimmtán rúmmetrar á sekúndu, en útflæðið með nýju sprungunni sé um tíu rúmmetrar á sekúndu.

Aflítið gos sem getur þó orðið stórt gos

Ef gosið í Geldinga- og Meradölum varir í áratugi, segir jarðvísindamaðurinn Þorvaldur Þórðarson hraunið sem muni myndast geta teygst sig frá Geldingadölum alla leið niður að Suðurstrandarvegi.

Í slíkum gosum myndist stærstu hraun jarðarinnar. Dæmi um slíkt sé hraunið við Skjaldbreið ofan við Þingvelli, sem tók líklega um nokkur hundruð ár að myndast.

Þó að gosið á Reykjanesi sé aflítið geti það orðið stórt gos vari það lengi og það muni hafa varanleg áhrif á yfirborð jarðar með nýju og breyttu landslagi.

„Þetta er mjög líklega það sem gerðist þegar sprungan opnaðist í fyrradag, að það hafi verið yfirþrýstingur á pípunni,“ segir Þorvaldur.

Fjöldi fólks hefur lagt leið sína að gosstöðvunum á Reykjanesi frá því að gos hófst í Geldingadölum þann 19. mars síðastliðinn. Í gær var lokað fyrir umferð að svæðinu vegna mengunarhættu og þurftu lögregla og björgunarsveitir að vísa fólki frá. Þó voru vísindamenn á svæðinu.

Aðspurður að því hvort líkur á að nýjar sprungur myndist eða opnist á svæðinu feli í sér aukna áhættu fyrir þau sem ferðist á svæðið, segir Þorvaldur miklu máli skipta hvar á svæðinu fólk er. Hann segist telja líklegast að ef ný sprunga opnist verði það á milli gossvæðanna tveggja. „Það er hugsanlegt að það gerist norður af, en mér þykir

heldur ósennilegra að það fari að opnast fyrir sunnan,“ segir Þorvaldur.

„Svo lengi sem fólk heldur sig vel vestan eða austan til við gosstaðina þá ætti það að vera í lagi, en það er ekki gott að vera á milli gosstaðanna eða í beinni línu við þá, það er verra,“ segir hann. Spurður hvort hinn almenni ferðalangur geri sér grein fyrir því hvort hann sé staddur í beinni línu við gosstaðina, segir Þorvaldur best að lita til beggja hliða.

„Ef þú horfir til hægri og sérð gosstað og horfir svo til vinstri og sérð líka gosstað, þá er það ekki góður staður að vera á og mjög skynsamlegt að færa sig,“ segir Þorvaldur. „En ef þú sérð báða gosstaðina fyrir framan þig og ert með vindinn í bakið, þá ertu á ansi góðum stað,“ bætir hann við. birnadrofn@frettabladid.is

Opið fyrir gesti á eldgosasvæðinu í dag, ef aðstæður leyfa

ELDGOS Opið verður í dag á gosstöðvunum, frá klukkan 6 til klukkan 18. Í gær var staðan metin og farið yfir gæslumál hjá Lögreglunni á Suðurnesjum. „Hættusvæðið er stærra núna og við þurfum að haga gæslunni með öðrum hætti. Það er erfitt að sjá hvernig það verður hægt nema með auknum mannskap á gosstöðvunum,“ segir Gunnar Schram yfirlögregluþjónn.

Tvær stikaðar leiðir eru nú upp að gosstöðvunum en eftir nýjustu vendingar er rætt um hvort breyta þurfi þeim. „Þetta er samtal sem fer fram milli viðbragðsaðila og landeigenda,“ segir Gunnar.

„Við höfum gert ráð fyrir því allan tímann að það gæti eitthvað gerst á allri línunni sem kvikugangurinn er á, frá Nátthaga að Keili,“ segir Rögnvaldur Ólafsson, deildarstjóri hjá Almannavörnum, aðspurður hvort

Hættusvæðið er stærra núna og við þurfum að haga gæslunni með öðrum hætti.

Gunnar Schram yfirlögregluþjónn



búist sé við því að jörðin opnist á fleiri stöðum.

Hann segir að unnið sé að því að gera hraunflæðilíkan, það er, hvar hraunið gæti runnið og safnast saman. „Þó að hraunið komi nú annars staðar niður, erum við með sama hættumat nú og áður. Það eru engir mikilvægir innviðir í bráðri hættu,“ segir hann. – khg



Með nýju sprungunni sem myndaðist í Meradölum fyrradag stækkaði hættusvæðið við gosið. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Herinn í Mjanmar hneppti vinsælt ádeiluljóðskáld í varðhald

MJANMAR Vinsælasti grínisti Mjanmar, Maung Thura, hefur verið handtekinn. Handtaka Thura, sem er þekkt ádeiluljóðskáld í heimalandi sínu, var hluti af aðgerðum þarlendra stjórnvalda sem reyna að kveða niður mótmæli í landinu gegn valdaráni hersins í febrúar.

Thura, sem þekktur er undir listamannsnafninu Zarganar, var fjarlægður af heimili sínu í Yangon samkvæmt samstarfsfélaga hans, Nga Pyaw Kyaw. Þessi sextugi grínisti hefur ýmist verið inni í eða utan fangelsis síðan árið 1988. Hann

hefur verið ötull í andmælum sínum við einræði og herstjórn í landinu og gagnrýnt herstjórnina í Búrma og síðar Mjanmar. Árið 2007 var Zarganar handtekinn á heimili sínu vegna mótmæla sinna og ári síðar var hann dæmdur í 45 ára fangelsi fyrir listrænan gjörning sem var talinn innihalda ólöglega gagnrýni á stjórnvöld. Þessi refsing var svo milduð niður í 35 ár eftir áfryjun árið 2009. Tveimur árum síðar var Zarganar hins vegar sleppt úr fangelsi eftir mikinn þrýsting frá mannréttindasamtökum um lausn hans.



Mótmælendur hafa látið óánægju sína í ljós. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Í síðustu viku voru að minnsta kosti 60 mótmælendur handteknir fyrir mótmæli í formi bókmennta, kvikmynda, tónlistar og í gegnum fjölmiðla. Þessir einstaklingar eru sakaðir um að dreifa upplýsingum sem ógna stöðugleika í landinu.

Undir lok síðasta árs vann Aung San Suu Kyi forsetakosningar í Mjanmar með miklum yfirburðum. Í upphafi þessa árs framdi herinn í landinu, Tatmadaw, valdarán og svipti Suu Kyi völdum og færði þau til hershöfðingja hersins.

Öryggissveitir brutu upp mót-

mæli lækna sem fóru fram í Mandalay í gær. Vitni kvað öryggissveitir hafa notað rafbyssur og loftbyssur og svo bifreiðar og mótorhjól til að keyra inn í hóp mótmælendanna til að leysa upp mótmælin.

Talið er að að minnsta kosti 570, þar af 47 börn, hafi verið myrt í aðgerðum öryggissveita síðan í febrúar. Þá hafa 2.728 verið hnepptir í varðhald fyrir mótmælastarfsemi sína og þúsundir hafa flúið til Taílands og Bangladesh til þess að losna undan ofbeldi yfirvalda í Mjanmar. – hó

Meintur þjófur verka van Gogh og Hals fundinn

HOLLAND Karlmaður er í haldi lögreglunnar í Hollandi grunaður um að hafa stolið málverkum eftir hollensku listmálarana Vincent van Gogh og Frans Hals. Málverkunum var stolið á meðan listasöfnin þar sem þau voru til sýnis voru lokað vegna samkomutakmarkana af völdum kórónaveirufaraldursins.

Talsmaður hollensku lögreglunnar segir að sá handtekni sé 58 ára gamall en hann var handsamaður í bænum Baarn. Listaverkin hafa ekki skilað sér í réttar hendur og hollenska lögreglan hefur biðlað til almennings ef einhver hafi upplýsingar um hvar verkin er að finna.

Verkum van Gogh sem voru til sýnis á Singer Laren safninu í nágrenni Amsterdam var stolið í mars á síðasta ári. Fimm mánuðum síðar brutust málverkaþjófar inn í Hofje Van Aerden-safnið sem er staðsett í Leerdam nálægt Utrecht og stálu verkum Hals, sem máluð voru 1626.

Málverki Hals, Tveimur hlējandi strákum, hefur verið stolið tvisvar áður í tæplega 400 ára sögu þess. Síðast þegar því var stolið árið 2011 náði hollenska lögreglan að endurheimta það með því að hafa hendur í hári einstaklinga sem freistuðu þess að koma verkinu í verð. – hó



Íþróttafólk frá Norður-Kóreu mun ekki halda til Tókýó í sumarlok.

Norður-Kórea sendir ekki sitt fólk á leikana


NORÐUR-KÓREA Norður-Kórea mun ekki senda keppendur á Ólympíuleikana í Tókýó í sumar. Þetta kemur fram í tilkynningu frá íþróttamálaráðuneyti landsins.

Í tilkynningunni segir að Ólympíu nefnd Norður-Kóreu hafi ákveðið að segja sig frá 32. Ólympíuleikunum til að vernda íþróttafólk sitt fyrir heimsfaraldrinum.

Sóttvarnaráðstafanir í Norður-Kóreu eru meðal þeirra ströngustu í heiminum þrátt fyrir að stjórnvöld hafni því að nokkur tilfelli hafi greinst í landinu.

Ýmsir aðstandendur leikanna hafa lýst yfir áhyggjum af því að aðrar þjóðir gætu fylgt fordæmi Norður-Kóreu og hætt við þátttöku í leikunum. Talsmaður japönsku ríkisstjórnarinnar sagði á blaðamannafundi í gær að áfram yrði gripið til fyrirbyggjandi aðgerða gegn faraldrinum til að sem flest lönd gætu tekið þátt í sumar. – atv

Penninn kynnir Jöru



Jara er stílhreinn og þægilegur sófi.

Jara er nútímalegur sófi í skandinavískum stíl. Sessurnar eru notalegar og áklæðið er slitsterkt og mjúkt viðkomu. Fætur sófans eru stílhrein gæðasmíð úr eik sem tóna vel við hvaða umhverfi sem er.

Jara hentar vel í löng og innileg samtöl með rauðvíni og ostum – en virkar líka í bíókvöldið.



Með dökkgráu tauklæði
Listaverð 224.875 kr.
Tilboðsverð 139.000 kr.



Með ljósgráu tauklæði
Listaverð 212.375 kr.
Tilboðsverð 129.000 kr.



Með svörtu leðri
Listaverð 373.750 kr.
Tilboðsverð 239.000 kr.



Opíð virka daga 8:00–18:00: Skeifunni 10, Reykjavík // Hafnarstræti 91–93, Akureyri // Hafnarstræti 2, Ísafirði // www.penninn.is



Húsgögn

SKOÐUN

Skýr markmið



Adalheiður Ámundadóttir

adalheidur@frettabladid.is

Það er mat allra sem á annað borð hafa skoðun á sóttvörnum og hve farsælega hefur tekist til í þeim efnum, að góð upplýsingagjöf til almennings hafi skipt sköpum. Því sé ekki sist að þakka hve upplýstir íbúar Íslands séu um stöðu faraldursins hverju sinni, hve vel hefur gengið bæði að halda faraldrinum niðri, tryggja góða framkvæmd sóttvarna og almenna sátt um stefnu stjórnvalda í baráttu við faraldurinn.

Af einhverjum ástæðum virðast nú hafa orðið einhver þáttaskil og samstaðan vera á leiðinni í skrifuna. Annars vegar upplifir fólk ekki lengur að gegnsæri ríki um núverandi eða væntanlegan bóluefnaforða landsins. Það treystir ekki lengur upplýsingum stjórnvalda um stöðu bólusetninga og hvort markmið þar að lútandi sé raunhæf. Hins vegar eru áhöld um hver séu í raun og veru helstu markmið sóttvarnaryfirvalda með núgildandi aðgerðum vegna faraldursins, bæði innanlands og á landamærum. Í upphafi faraldursins var markmiðið að „fletja út kúrfuna“ og halda veikindum í nægilega miklum skefjum til að verja heilbrigðiskerfið fyrir holskeflu sjúklinga. Þá höfðum við áhyggjur af því að sjúkrahúsinn myndu fyllast og hvort við ættum nægilega margar öndunarvélar. Nú virðist markmiðið vera að koma alveg í veg fyrir að smit berist til landsins, ýmist til að unnt sé að slaka á takmörkunum innanlands eða til að hefta útbreiðslu illskeyttari afbrigða veirunnar.

Um þetta eru stjórnvöld ekki að tala einum rómi, eða í öllu falli ekki eins skýrt og þau gerðu síðasta vor. Þá stóðum við öll saman. Við vorum öll almannavarnir, ferðudumst innanhúss og hlýddum Víði. Nú er hver höndin uppi á móti annarri.

Héraðsdómur hefur kveðið upp úr um að stjórnvöldum sé rétt og skylt að grípa til aðgerða vegna heimsfaraldursins. Í úrskurðum hans er ekki efast um að mannréttindi geti þurft að vikja þegar lífi og heilsu borganna er ógnað. Aðgerðir stjórnvalda þurfi hins vegar að lúta lögmálum meðalhófs og jafnræðis. Grundvallarforsenda þess að meðalhófs sé gætt er að markmið aðgerða sé skýrt. Annars vegar þurfa aðgerðir að vera til þess fallnar að ná því markmiði sem stefnt er að. Hins vegar mega þær ekki ganga lengra hverju sinni en nauðsynlegt er til að markmiði þeirra verði náð.

Fáir efast um að markmið sóttvarnaryfirvalda séu göfug, mikilvæg og í þágu lífs og heilsu þjóðarinnar. Það dugar hins vegar ekki. Þau þurfa að vera skýr og einbeitt. Skýr markmið sem öllum eru kunn eru forsenda samstöðu um sóttvarnaaðgerðir á hverjum tíma. Skerði aðgerðirnar stjórnarskrárvarin réttindi borgaranna, eru skýr markmið einnig lykilforsenda lögmætis þeirra.

Gegnsæi er okkar allra besta vopn í þessari baráttu en að sama skapi það vanmetnasta.

Nú verða ráðherrar ríkisstjórnarinnar og önnur sóttvarnaryfirvöld að stiga fram og eiga einlægt samtal við íbúa landsins. Ekki draga neitt undan um fyrirsjáanlegan bóluefnaforða þjóðarinnar og tala einum rómi um markmið þeirra íþyngjandi aðgerða sem bæði við og gestir okkar þurfum að sæta.



Skýr markmið sem öllum eru kunn eru forsenda samstöðu um sóttvarnaaðgerðir.

Manic Panic
hárlitir & aftlitunarefni
sendum samdægurs

Hokus Pokus
www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Halldór



Frá degi til dags

Hótel Sóttkvi

„Það er ekki búið að slaufa þessu,“ sagði Gylfi Þór Þorsteinson, stjóri Sóttkvíarhótelins, eftir að gistiúrræðið var dæmt ólöglegt og gleiðbrosandi lögmenntu gátu leitt skjólstæðinga undir beran himin. Samkvæmt Gylfa voru þeir þó aðeins fimmtán, farfuglarnir sem flugu út í frelsið. Þeir eru þó allt of margir miðað við vængstýfingartilburði sóttvarnaryfirvalda. Eftir vill má freista þess að stöðva lekann með það að leiðarljósi að stíjandi kráka sveltur ekki, ef hún er kyrrsett með til dæmis fyrirheitum um ólöglegt Kókópöf, tánudd og streymisveitur.

Farfuglaheimili

Á meðan farfuglar og vinir fagna er þó ugður í mörgum. Einn þeirra er hinn veifurðði Björn Ingi á Viljanum sem kallar forseta lýðveldisins til vitnis í fuglafræðunum og þarf ekki að lesa mikið milli línanna í Facebook-færslu hans til þess að ráða í hvað honum finnst um ráðstafanirnar sem nú er deilt um. „Farfuglarnir vita ekkert um veiru og sóttvarnir, ferðast óhindrað milli landa,“ skrifar forsetinn í dæmisögu um margæsina á Bessastaðanesi, áður en hann bendir á að mannfólkið njóti ekki frelsis hennar. Því ráði „heilðarvarnir okkar í hættulegum heimsfaraldri“. toti@frettabladid.is kristinnhaukur@frettabladid.is

Gróðurhús meirihlutans

Kolbrún Baldursdóttir
oddviti Flokks fólksins í borgarstjórn Reykjavíkur

Á meðan veittir eru milljarðar króna í stafræn tilraunaverkefni biða 957 skólabörn eftir fagþjónustu m.a. sálfræðinga og talmeinafræðinga.

Á fjárhagsáætlun 2021 til 2025 ákvað meirihlutinn í borginni að eyða 10 milljörðum á næstu þremur árum í stafræna þróun á þjónustu- og nýsköpunarsviði Reykjavíkurborgar (ÞON). Hvorki er skilgreint að heitið geti hvað skal vinna, hverjar verða afurðirnar né hvernig þær muni nýstast borgarbúum. Fjáraustur til ÞON er mikill. Þjónusta hefur verið útvístað til einkafyrirtækja og innlend og erlend ráðgjafarfyrirtæki hafa mikil áhrif á rekstur sviðsins. Á sama tíma hefur fastráðnum kerfis- og tölvunarfræðingum verið sagt upp. Vissulega er nauðsynlegt að ráðast í stafræna þróun á þjónustu borgarinnar til að hún verði aðgengileg og umhverfisvæn.

Dæmi um stafrænt verkefni þar sem rennt er blint í sjóinn með hvort þjónusta batni eða auki hagræðingu er hið svokallaða „Gróðurhús“. Utan um „Gróðurhúsið“ hefur verið rekin sérstök skrifstofa í á þriðja ár. „Gróðurhúsinu“ hefur verið lýst með eftirfarandi hætti:

Þegar þú mætir í Gróðurhúsið ertu í raun að samþykkja að henda þér út í einhvern prósess, eitthvað ferli. Það mun svo leiða þig eitthvert. Það mætti segja að Gróðurhúsið einblíni 90% á ferlið, og svona 10% á útkomuna. Eitt stærsta verkefnið er að samstillasteymið, hjálpa fólki að vinna saman og taka ákvarðanir. Útkoman sjálf skiptir þannig séð ekki höfuðmáli.“

Segja má að „Gróðurhúsið“ sé samnefnari yfir kostnaðarsöm stafræn tilraunaverkefni sem ekkert áþreifanlegt hefur komið út úr. Á meðan veittir eru milljarðar króna í stafræn tilraunaverkefni biða 957 skólabörn eftir fagþjónustu m.a. sálfræðinga og talmeinafræðinga. Hluti þessa fjármagns kæmi sér vel til að bæta þjónustu við börn, eldri borgara og öryrkja.

Fulltrúi Flokks fólksins hefur gagnrýnt fjáraustur sem fer umfram það sem teljast má nauðsynlegt og eðlilegt til stafrænna umbreytinga. Reykjavíkurborg er ekki einkafyrirtæki á alþjóðamarkaði, heldur samfélag sem þarf að reka skynsamlega. Gagnrýn hugsun og heilbrigð skynsemi þarf að vera til staðar hjá þeim sem eiga að axla ábyrgð. Rauð ljós eru fyrir löngu farin að blikka.



Á mörkum hins fullgerða



Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur

Það var viðbúið að Harpa Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands, gerði athugasemdir við umsögn mína um sýninguna á verkum Georgs Guðna, sem nú eru uppihangandi á safninu (Fréttablaðið, 18. mars sl.). Vandinn er sá að hún hrekur ekki helstu niðurstöður mínar, nefnilega: a) að stór hluti sýningarinnar séu ófullgerð verk frá síðustu ævi-árum listamannsins, b) að þeirrar staðreyndar sé hvergi getið í kynningartextum sem fylgja sýningunni, og c) að þessi ófullgerðu verk séu síðan notuð til að búa til „frásögn“ af breytingum á vinnubrögðum listamannsins síðustu árin í átt til „meiri hraða“ og „meiri efniskenndar“. Svo ekki sé minnst á fremur ógeðfella tilraun til að finna í þessum verkum einhvern „forboða“ hins sviplega fráfalls listamannsins undir Heklu rútum. Ófullgerð listaverk geta aldrei verið fullnægjandi vitnisburður um endanlega fyrirætlan listamanns. Það hefur kannski verið sérstaklega rætt um þetta „heilðstæða“ lokatímabil á myndlistarferli Georgs Guðna á málþingi safnsins 15. mars, hvað veit ég.

Harpa vísar því einfaldlega á bug að í hennar ranni séu nokkur ófullgerð verk til staðar. Í framhaldinu vill hún beina sjónum að nokkrum aukaatriðum í umsögn minni, svo sem aðdróttunum mínum um „flýtimeðferð“ á sýningunni og vöntun á sýningartengdri rannsóknarvinnu frá safnsins hendi. Ég skal fúslega taka þann slag einhvern tímann seinna, ef Harpa gefur mér tækifæri til þess. Síðan gerir hún mér upp vantraust á sýningarstjórnann, Einar Garibalda Einarsson, eins og hann sé sérstakur ábyrgðarmaður sýningarinnar. Einar hengir verkin upp í umboði safnsins, og gerir það með sóma. En safnið ber auðvitað ábyrgðina.

Sæmdarréttur

Við Einar áttum raunar gott samtal um þessa sýningu, eins og Harpa getur um, og vorum, satt best að segja, nokkuð einhuga. Sem sennilega kemur Hörpu á óvart. Ótilneyddur tjáði Einar mér að, eftir á að hyggja, teldi hann að skynsamlegt hefði verið að láta þess getið að einhver verkanna kynnu að vera ófullgerð, og að hann sjálfur slægi þann varnagla þegar hann upplýsti gesti og gangandi um sýninguna.



Enginn myndlistarmaður mundi sætta sig við það að ófullgerð verk hans væru sýnd sem fullgerð í helsta listasafni þjóðarinnar.

Þessi viðbrögð hans urðu til þess að styrkja mig enn frekar í þeirri trú að á tittnefndri sýningu væri misfarið með verk Georgs Guðna.

Í leiðinni kemur Harpa með svoltið skrátna yfirlýsingu. „Aðför Aðalsteins að sýningunni ...vegur að heiðri látins listamanns, nánustu aðstandenda hans og samvinnu þeirra við Listasafn Íslands.“ Ég vil endilega að það komi fram að á fáum íslenskum myndlistarmönnum hef ég haft eins miklar mætur, og skrifað eins oft og mikið um, og Georg Guðna Hauksson. Hann er til dæmis einn af höfuðpersónum í heimildarmynd um unga myndlistarmenn sem ég gerði fyrir RÚV snemma á níunda áratug síðustu aldar; trulega er það fyrsta „lifandi“ heimildin um myndlist hans.

Umsögn mín er ekki „aðför“ að listamanninum, þvert á móti er hún tilraun til að taka upp þykkjuna fyrir hann. Í höfundalögum er að finna ákvæði um „sæmdarrétt“ listamanna, lifandi sem látinna, sem felur í sér að ekki er heimilt að setja verk þeirra „í þannig samhengi að það skaði höfundarheiður þeirra“. Enginn myndlistarmaður mundi sætta sig við það að ófullgerð verk hans væru sýnd sem fullgerð í helsta listasafni þjóðarinnar. Og þessi sömu verk væru síðan notuð til að hnýta einhvers konar listfræðilegan endahnút á listferil hans, samanber það sem ég segi hér í upphafi.

Eftirskrift:

Aðkoma fjölskyldunnar

Nú standa málin þannig að sýningarstjórninn og ég erum á þeirri skoðun að hluti málverkanna á þessari sýningu séu ófullgerð, safnstjórninn segir það „fjarri öllu lagi“. Í þessum skrifuðu orðum dettur inn um lúguna hjá mér Fréttablaðið frá 31. mars, þar sem fjölskylda Georgs Guðna skýrir aðkomu sína að sýningunni. Þar staðfestir hún góðfúslega það sem ég hef haldið fram á þessum vettvangi, nefnilega að á henni sé sannarlega að finna ótilgreindan fjölda verka sem eru „á mörkum þess að vera fullgerð“, sömuleiðis að tæplega helmingur verkanna sé merktur listamanninum. Þar með er umræðan sennilega tæmd.

Breytum miðlun til batnaðar



Stefán Jökulsson fv. lektor í miðlalæsi við Háskóla Íslands

Hér verður vikið að tvennu sem varðar fagvitund og starfsmenningu (fjöl) miðlafólks, viðtölum og fréttamati/efnisvali. Jafnframt eru nefndar umbætur sem geta stuðlað að því að miðlar ræki lýðræðishlutverk sitt betur en þeir gera nú.

Þegar fréttar- og dagskrárgerðar-fólk tekur viðtöl í miðlum sínum spyr það fyrir hönd okkar sem fylgjumst með efninu. Við viljum geta tekið sjálfstæða afstöðu til þess sem viðmælendurnir segja en það truflar okkur þegar spyrill í útvarpi eða sjónvarpi ritskoðar í sífelli svör þeirra með orðum eins og já, nei, einmitt, nákvæmlega, segðu, aha og svo framvegis. Þetta á meira að segja við margt af því fjölmiðlafólki sem tekur viðtöl í helstu viðtals- og fréttaskýringarþáttum ljósvakamiðlanna. Einnig eru svonefndar leiðandi spurningar algengar en þær eru þannig orðaðar að þær geta haft áhrif á svar viðmælans: Er þetta ekki einmitt dæmi um spillingu? Dugar svona lág upphæð til að koma þessu í verk?

Stundum hefur verið sagt í auglýsingum fjölmiðla að þeir segi fréttir af atburðum um leið og þeir

eigi sér stað. En atburðir verða ekki sjálfkrafa að fréttum; það er starfsfólk miðlanna sem ákveður frá hverju er sagt. Því er hæpið að segja að fréttamiðlar spegli veruleikann eins og hann sé; nær lagi er að segja að þeir endurspegli hann í samræmi við þær hefðir, hugmyndir og gildi sem ráða fréttamatinu. Sjálfsagt er að ganga úr skugga um sannleiksgildi einstakra fréttar en jafnmiklu eða enn meira máli skiptir að huga að fréttum og öðru efni í víðara samhengi: Um hvaða málaflokka er mest fjallað í miðlunum? Hvað er þar sjaldan eða aldrei til umræðu? Og hvers vegna?

Hvernig væri svo hægt að breyta miðlum til batnaðar? Fyrst skal nefna að allir ættu þeir að birta dagskrár-, ritstjórnar- eða fréttastefnu sína þannig að landsmenn geti áttað sig á því hvað ráði helst efnisvali þeirra og efnistöðum. Þegar stjórnvöld ákveða að styrkja miðla með fjárframlögum, svo þeir geti stuðlað að virkara lýðræði, þarf að skýra hvað geti falist eða eigi að felast í því.

Svo þarf að bæta grunnmenntun og símenntun þeirra sem starfa við miðlun. Í starfsþjálfunardeild BBC í London stundar fólk með ýmiss konar menntun ákveðið grunnnám áður en það hefur störf og uppfærir þar svo reglulega þekkingu sína eða endurskoðar vinnubrögð sín. Hér má ekki á milli sjá hvort vegur þyngra, sjálfsrýni starfsmanns eða ábendingar þeirra starfsþjálfenda sem hafa kynnt sér verklag hans. Allir starfsmenn taka þátt í slíkri starfsþróun og hvorki



Mikilvægt skref í þessa átt væri að fulltrúar almennings sætu í stjórn eða ráðum allra miðla, ekki aðeins þeir sem eigendum þeirra eða stjórnmálafólki eru þóknanlegir.

starfsaldur þeirra né frami skipta máli. Hér á landi þarf að taka upp svipað fyrirkomulag enda yrði það til hagsbóta fyrir miðlana, miðla-notendurna og miðlafólkið sjálft.

Loks má nefna nauðsyn þess að efla lýðræðið með því að tengja saman, til dæmis með netsamskiptum, þá sem búa til efni og þá sem það er ætlað. Ef notendur finna að þeir geti haft áhrif á efnisval og umræðu í miðli, ef þeir sannfærast um að hann starfi í þeirra þágu, verður hann þeirra miðill, miðillinn sem þeir treysta og vilja festa í sessi. Mikilvægt skref í þessa átt væri að fulltrúar almennings sætu í stjórn eða ráðum allra miðla, ekki aðeins þeir sem eigendum þeirra eða stjórnmálafólki eru þóknanlegir.

Frábær tilboð í verslunum N1 um land allt

25% afsláttur

Handþvottakrem
Manista handþvottakrem, 3 lítrar. Mest selda handþvottakrem á Íslandi í mörg ár.

20% afsláttur

Regnjakki og regnbuxur
Regnjakki og -buxur, vottað samkvæmt EN471 sýnileikastaðli, 320 g. Litur: Gulur og appelsínugulur. Stærðir: S-3XL.

35% afsláttur

Sóttthreinsistandur
Gólfstandur fyrir handsóttthreinsi. Hentar vel á vinnustöðum og í öðrum opnum rýmum.

25% afsláttur

Tork pappírsrúlla
Hvít pappírsrúlla með kjarna, 510 m, tvöfaldur pappír.

35% afsláttur

Tork gólfstatíf
Gólfstatíf á hjólum, fyrir stórar rúllur. Hægt að fá ruslastand sem aukahlut á statífið.

25% afsláttur

Sópsett
Hvítt sópsett með löngu skafti, hentar vel við hvers konar þrif.

Verðslanir N1 um land allt 440 1000

Tilboð í fyrirtækjaverslunum og vefverslun N1 í apríl eru í boði fyrir N1 korthafa. Skráðu þitt fyrirtæki í vefverslun N1 til að sjá verð með gildandi afslætti.

N1 ALLA LEIÐ

SPORT



Collin Morikawa vann PGA meistaramótið í fyrra.

Deilur Trump og PGA mótaráðarinnar

Eftir óeirðirnar við þinghúsið í Washingtonborg og aðild Donalds Trump að þeim ákvað framkvæmdastjórn PGA, stærstu golfmótaráðar heims, að rifta samkomulagi um að PGA meistaramótið, eitt af fjórum risamótum ársins, færi fram á velli í eigu Trumps árið 2022. Þetta var ekki í fyrsta skiptið sem stjórn PGA tók ákvörðun um að færa mót af mótaröðinni af velli í eigu Trumps, en árið 2015 átti Grand Slam mótið að fara fram á velli Trumps í Los Angeles en hætt var við þær áætlanir eftir ummæli fyrrverandi Bandaríkjaforsetans um innflytjendur frá Mexíkó.

Þrátt fyrir nýleg fordæmi um að mót séu færð til vegna slíkra aðstæðna tilkynnti PGA að lokamót FedEx-mótaráðarinnar (e. Tour Championship), yrði áfram í Georgíufylki og Mastersmótið, fyrsta risamót ársins, hefst í Georgíufylki í þessari viku.



Finnar eftir sigur á HM 2019. Mótinu var aflýst í fyrra vegna faraldursins. FRÉTTABLAÐID/GETTY

Tóku mótið af Minsk

Alþjóða ishokkisambandið, IIHF, tilkynnti í byrjun þessa árs að ákvörðun hefði verið tekin um að efsta deild HM í ishokki skyldi ekki fara fram í Minsk og að Riga þyrfti að sjá um mótið upp á eigin spýtur. Sú ákvörðun var tekin, að sögn stjórnar IIHF, með öryggi leikmanna í huga. Var tekið tillit til viðbragða stjórnvalda í Belarús í kórónaveirufaraldrinum sem og ónægju íbúa með stjórnarhætti ríkisvaldsins eftir hörð mót-mæli íbúa landsins þegar ljóst var að Alexander Lúkasjenkó yrði áfram forseti.

Ákvörðun IIHF var hins vegar tekin aðeins þremur dögum eftir að tékkneski bílaframleiðandinn Skoda, sem hefur verið einn helsti styrktaraðili mótsins undanfarna áratugi, hótaði að slíta samstarfinu á meðan mótinu stæði ef mótið færi fram í Belarús.

Stjórnsmál sem flækjast í íþróttalífið

Bandaríska hafnaboltadeildin ákvað að stjórnu-leikurinn í ár skyldi færður til að mótmæla nýjum lögum í Georgíu. Það hefur færst í aukana að viðburðir séu færðir vegna ákvarðana stjórnvalda.


Um helgina var staðfest að stjórnu-leikurinn í bandaríska hafnaboltanum yrði færður frá Atlanta í Georgíuríki yfir til Denver, eftir að kallað var eftir því að leikurinn yrði færður til að mótmæla umdeildri löggjöf í Georgíu.

Þetta er í þriðja sinn það sem af er ári þar sem viðburður af slíkri

stærðargráðu er færður vegna pólitískra ákvarðana. Á sama tíma eru sífellt fleiri leikmenn að berjast fyrir því að HM í Katar á næsta ári verði fært vegna mannréttindabrota í garð verkamanna þar í landi.

Fréttablaðið tók saman dæmi þar sem pólitískur þrýstingur hafði áhrif á að viðburðir voru færðir til vegna ákvarðana stjórnvalda.

kristinnpall@frettabladid.is



Deilan um stjórnu-leik MLB hefur vakið mikla athygli.

Stjórnu-leikur færður vegna nýrrar löggjafar

Það þarf ekki að fara langt aftur í tímann til að finna aðra sam-bærilega ákvörðun og þá sem MLB-deildin tók um helgina þar sem deildarkeppni brást við umdeildum lögum. Árið 2016 ákvað NBA-deildin í körfubolta í Bandaríkjunum að færa stjórnu-leikinn sem átti að fara fram árið 2017 frá Charlotte í Norður-Karólínu til New Orleans, eftir að umdeild lög sem komu niður á LGBT fólki voru samþykkt í Norður-Karólínu. Löggjöfin neyddi fólk til þess að velja baðherbergi eftir því hvert kyn þeirra var við fæðingu en löggjöfin var breytt í ársbyrjun 2017 og var þá ákveðið að stjórnu-leikurinn árið 2019 færi fram í Charlotte.

Þetta var í fyrsta sinn sem íþróttaviðburður af slíkri stærðargráðu í Bandaríkjunum var færður vegna pólitísks ágreinings í tæp þrjátíu ár, eða síðan SuperBowl var fært frá Arizona fyrir að neita að viður-kenna fæðingardag Martins Luthers King sem almennan frídag.



Stjórnu-leikurinn var færður árið 2017 en fór svo fram í Charlotte tveimur árum síðar.

Deilan um kosningarétt í Georgíu

Bandaríska hafnaboltadeildin, MLB, tilkynnti um helgina að ákveðið hefði verið að stjórnu-leikurinn þetta árið skyldi færður frá Atlanta vegna umdeildrar löggjafar sem samþykkt var í Georgíufylki á dögunum. Í fyrradag var svo staðfest að leikurinn skyldi fara fram í Denver. Hefði leikurinn farið fram í Atlanta hefði það verið í þriðja sinn sem borgin hýsti stjórnu-leikinn í hafnabolta og í fyrsta sinn á nýjum heimavelli Atlanta Braves, hafnaboltaliðs borgarinnar.

Kallað var eftir því að MLB myndi gripa til aðgerða eftir að ný kosningalög voru samþykkt í Georgíu sem halla á rétt minnihlutahópa í fylkinu til að kjósa. Forseti Bandaríkjanna, Joe Biden, tók undir beiðnina um að leikurinn yrði færður og varð deildin við því, ásamt því að færa nýliðaval deildarinnar sem átti að fara fram í Atlanta síðar á þessu ári.

Í kjölfar ákvörðunarinnar hafa Repúblikanar mótmælt harðlega, meðal annars Donald Trump, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, sem kallaði eftir því að fólk myndi sniðganga hafnabolta yfir höfuð. Þá sagði fylkisstjóri Georgíu að þetta væri heiguls-háttur hjá forráðamönnum deildarinnar.

ALLT

MIÐVIKUDAGUR 7. apríl 2021

KYNNINGARBLAÐ



Fólkið streymir að eins og logandi hraunelfurin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Horft ofan í iður jarðar

Heimildarmyndin Into the Inferno, sem leikstýrt var af Werner Herzog, kom út í september árið 2016 og mánuði síðar á Netflix. Í kvikmyndinni ferðast Herzog með eldfjallafræðingnum Clive Oppenheimer um víða veröld að skoða virk eldgos og kynnst fólkinu sem býr við eldstöðvarnar.

Heimildarmyndin hefur sjaldan átt betur við hér á landi en einmitt núna þegar gos er hafið í Geldingadölum við Fagradalsfjall og mannhafið streymir líkt og glóandi hraun að líta dýrðina eigin augum. Samfélagsmiðlar loga gjörsamlega af dúðuðu fólki með hraustlegar eplakinnar fyrir framan keilulaga hraunstrýtuna sem hefur myndast á síðustu dögum, enda er varla hægt að skella í tilkomumeiri sjálfu en með ekta logandi eldfjall í bakgrunni.

Mannskepnan til umfjöllunar

Í heimildarmyndinni fer Herzog að Mount Sinabung í Indónesíu, sýnir frá gosinu í Fimmvörðuhálsi á Íslandi 2010, fer upp á Paektu-fjallið í Norður-Kóreu og virðir fyrir sér Erta Ale í Eþíópíu.

Þá segir hann frá ýmsum eldgosum sem hafa átt sér stað í gegnum tíðina og tengir á áhugaverðan hátt við mannsandann. Yfirlýst markmið Herzogs í myndinni er enda að mála mynd af uppruna og eðli mannskepnunnar. Hann kemst að því að eldfjöll eru dularfull, grimm og springandi falleg og segir að: „Það er ekki eitt einasta sem ekki er tengt einhverju trúarkerfi.“

johannamaria@frettabladid.is



TARAMAR

Frí hreinsiolía fylgir með hverju næturkreminu

í Hagkaup og á taramar.is



Auður er hér með dóttur sinni Söru Lind og syni hennar Lúkasí Ými. Einnig á Auður hana Rögnu Hlin, Anítu Hödd, Lenu Ösp og Elísu Rut.

Elskar að sjá eitthvað ljótt verða að fallegu

Auður Elísabet V. Williams hefur vakið athygli hjá mörgum Íslendingum sem fylgjast með Facebook-hópnum Skreytum hús, en þar birtir hún myndir af dýrindis húsgögnum sem hún hefur gert upp og málað í einstökum stíl. **2**



Hér notar Auður sérstakan „bone-inlay“ stensil til þess að líkja eftir igreyptu beinamynstri. MYNDIR/ÞSENDAR.



Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

Auður er búsett í Bandaríkjunum og hefur starfað við húsgagna-málun í rúmlega sex ár. „Ég byrjaði að setja myndir af því sem ég hef verið að gera inn á Skreytum hús fyrir tveimur árum. Vinkona mín benti mér á síðuna og sagði mér að sýna fólki á Íslandi hvað ég væri að gera. Fólk er misheillað auðvitað enda eru menn með ólíkan smekk. Það er þó alltaf gaman að fá jákvæð viðbrögð við því sem maður er að gera og það heldur mér við efnið. Svo eru auðvitað alltaf einhverjar gagnrýnisráddir sem segja að það megí alls ekki mála yfir viðinn. Við þeim segi ég nú bara að þetta er það sem ég geri. Ég mála húsgögn. Svona hefur þetta alltaf verið hjá mér. Ef eitthvað húsgagn fær að standa nógu lengi hjá mér þá mun ég mála það. Stundum grínast ég við krakkana mína að ef þau sitja of lengi í sófanum þá muni þau standa upp aftur með eina umferð af málningu á sér,“ segir Auður og hlær.

Ekki til í orðaforðanum
Auður segist alla sína ævi hafa verið dugleg að breyta til heima hjá sér. Á Íslandi leigði hún, keypti og flutti á víxl og bjó sjaldan lengi á sama stað. Þá málaði hún ógrynnin öll af veggjum í hinum ýmsu litum til að tóna við litríkan persónuleika. „Svo þegar ég var orðin ánægð, þá var kominn tími til að flytja,“ segir Auður kankvís. Auður byrjaði fyrst að þreifa fyrir sér í húsgagnamálun á Íslandi, keypti akrýlmálningu og málaði innréttingar og annað. „Mamma hafði alltaf gert mikið sjálf svo ætli ég hafi þetta ekki frá henni. Þó svo ég vissi ekkert hvað ég var að gera, þá var setningin „Ég get þetta ekki“ einfaldlega ekki til í orðaforðanum. Ég óð í verkið og lærði af mistökunum. Ég hef tekið eftir að fólk virðist hrætt við að taka upp pensilinn og mála. Þá segi ég „þetta er bara málning“. Ef þetta er vatnsmálning en ekki olíulakk eða önnur meira varanleg efni þá er besta ráðið að ganga bara í verkið. Sjálf nota ég sjaldan olíulakk. Stundum nota ég viðarvörn eða gel-bæs með olíu en oftast nota ég efni með engum eiturefnum. Maður lærir á að gera. Þetta tekur vissulega tíma og vinnu og kannski gerir þú mistök, og þá lærirðu af þeim og það er alltaf hægt að laga. Ef útkoman er góð þá er þetta þess virði. Ég elska að sjá eitthvað ljótt verða að einhverju fallegu.“

Flökkukind
Auður segist vera mikil flökkukind og hefur búið erlendis í að verða 16 ár. „Fyrst flutti ég til Noregs í sex mánuði og kom aftur til Íslands. Svo fór ég til Bretlands ’96 og var þar í þrjú ár. Næst fór ég rúmlega fertug í innanhússhönnunarnám í IADT í Kanada 2005 og var með þeim eldri í náminu. Ég gleymi aldrei þeim tíma enda var þetta æðislegur tími og ég kynntist mikið af góðu fólki. Námið var strembið en þetta var ævintýri út af fyrir sig. Eftir 4-5 ár flutti ég aftur til Bretlands og svo til Spánar í þrjú ár áður en ég settist að hér í Norður-Karólínu í um 50 mínútna akstursfjarlægð frá höfuðborginni Raleigh.“

Paradis fyrir antik húsgögn
Auður byrjaði fyrir alvöru að mála og selja húsgögn á eBay þegar hún flutti fyrst til Englands fyrir ellefu árum síðan og kynntist kalk-málningunni frá Annie Sloan. „Þegar ég flutti út hafði ég ekki efni á að kaupa mér ný húsgögn svo ég þræddi flóamarkaðina. England er alger paradís fyrir antik og gömul húsgögn og það er gott fyrir umhverfið að endurnýta gamla hluti. Þegar upp er staðið eru eldri húsgögn líka miklu betur gerð en margt sem fæst í dag. Eins og þegar skúffur og framstykki í kommóðum eru geirnægð en ekki negld saman eða skruðuð. Þú sérð þetta bara í nýjum húsgögnum sem eru rándýr. Ef eitthvað er vel gert í dag, kostar það formúu. Ég horfði á mörg leiðbeiningar-myndbönd á netinu og leitaði í innblástur þaðan. Svo byrjaði ég að kaupa og mála og selja aftur á eBay til að bjarga mér. Þetta var mikil vinna en vel þess virði og ég lærði mikið af nýrri tækni á þessum tíma. Sköpunarferlið er skemmtilegt og krefjandi. Stundum stend ég fyrir framan húsgagn og veit ekkert hvað ég á að gera. Svo fæ ég innblástur einhvers staðar frá og sé fyrir mér lokaútkomuna. Síðan rennur þetta allt saman þegar ég byrja og í lokin er þetta orðið að einhverju allt öðru. Ég hætti aldrei fyrr en ég er orðin ánægð.“

Fólkið þekkir handbragðið
Auður flutti nær tómhent til Bandaríkjanna fyrir sex og hálfu ári síðan. „Þetta er hálfgermt met, enda hef ég hvergi búið jafnlengi í einu húsnæði eins og núna. Ég byrjaði fyrst að vinna í húsgagna-



Hér má sjá gripinn áður en Auður málaði hann með „bone-inlay“ stenslinum.



Hvert eitt og einasta húsgagn eftir Auði er einstakt listaverk og tekur marga klukkutíma og jafnvel daga að fullkomna verkið.



Auður Elísabet V. Williams hefur málað og selt húsgögn í ellefu ár en segist tilbúin að leita á ný mið. Hún mun þó líklega aldrei hætta að mála fyrir sjálfa sig.

verslun. Þá var ég í hinu og þessu og hélt áfram að gera upp gömul húsgögn og selja. Það fór svo að ég leigði mér pláss til að selja húsgögnin. Því miður var ekki mikil umferð í búðina og leigan var dýr svo nú sel ég húsgögnin á tveimur stöðum hér í Bandaríkjunum. Einum hér í heimabænum og öðrum við ströndina í Wilming-ton.“
Auður segir marga í Bandaríkjunum gera upp gömul húsgögn og selja, en viðskiptavinir þekkja handbragð hennar enda leggur hún meiri metnað í sínar muðlur en margir aðrir. „Enda get ég líka selt mín húsgögn dýrara en flestir aðrir í þessum bransa. Ég mála til dæmis alltaf á skúffuhliðarnar og þegar þú opnar skúffurnar birtist mynstur eða mynd. Til dæmis má nefna Flamingo-kommóðuna sem ég málaði í björtum ferskju-bleikum lit og blandaði með ljósari lit til að fá meiri dýpt. Svo setti ég rendur á hliðina og með transferaðferð lét ég lauf og pálmablöð hrynja niður kommóðuna. Svo málaði ég hana að innan í túrkís og setti flamingófugl á milli pálmatrjáanna á hliðarnar á skúffunum. Þessi var mikið uppáhald hjá mér og seldist eftir sex daga.
Annað uppáhald var kommóða sem ég kalla Lady Chest, en sú er með mynd framan á af 18. aldar konu í gulum kjól með fugl. Ég byrjaði á því að þússa alveg niður í viðinn og málaði svo með málningu þar sem viðurinn sést í gegn. Svo pantaði ég myndina af konunni á Etsy og lét senda mér í vissum gæðum og stærð til að hún passaði fullkomlega á kommóðuna. Svo klippti ég hana niður og setti á framhliðarnar á skúffunum, þússaði aftur niður og lakkaði. Það



Konan í gula kjólnum á Lady Chest heillaði loks kaupanda upp úr skónum.



Eins og sést þá stendur ekkert yfirborð óskreytt eftir að Auður hefur farið höndum um gripinn.

tók langan tíma að selja þessa og ég skildi ekki af hverju enda þótti mér vænt um hana. Svo einn daginn dúkkaði upp maður sem féll fyrir kommóðunni og keypti hana á staðnum.“

Setur penslana á hilluna en hættir seint að mála
Að sögn þykir Auði þetta rosalega skemmtilegt en það er eins og með allt; þegar verkefnið hanga yfir manni hætta þau að vera skemmtileg. „Það er gaman að vinna að einu til tveimur stykkjum í frístundum, en þegar maður er kominn með mörg stykki í vinnslu til að standa undir leigukostnaði fer gamanið að grána. Fólk er heldur ekki að kaupa húsgögn á hverjum einasta degi.
Nú finnst mér kominn tími til að setja penslana á hilluna og hætta að mála húsgögn. Gallinn við að vera að vinna hjá sjálfum sér er að það er svo auðvelt að falla í þá gildru að gefa sér ekki nægan frítíma. Þannig liður mér núna. Ég hef varla farið í ræktina eftir að ég byrjaði að selja húsgögn hér í Ameríku. Þetta á að vera skemmtilegt en ekki kvöð. Þetta er líka gríðarleg vinna og efniskostnaður fyrir ekkert rosalega mikinn hagnað. Ég hef aldrei verið hrædd við vinnu, en ef ég væri að fá aðeins meira upp úr þessu þá myndi ég halda þessu áfram. Nú langar mig til þess að losa mig við allt sem ég á í skúrnum og leita á ný mið. Ég er búin að ákveða að ég ætla að taka meiraprófið í maí og keyra truck Ameríkuna endilanga. Þetta er vel borgað og ég fæ í rauninni fritt ferðalag í kaupbæti. Öll börnin mín eru flutt út og flökkukindin er farin að láta heyrja í sér. Það er beðið eftir bílstjórum og þú getur verið búinn að fá vinnu áður en þú klárar prófið.
Sumir hafa sagt mér að ég eigi að gera YouTube-myndbönd eða halda námskeið á Íslandi. Það getur vel verið að ég geri það einhvern tímann en nú langar mig að huga að sjálfri mér. Ég hætti samt örugglega aldrei að mála húsgögn og þegar ég fæ mér nýtt húsnæði þá fer ég að sjálfsögðu að mála fyrir sjálfa mig.“

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 7. apríl 2021

14. tölublað | 15. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX

TAG Heuer

NOMOS
GLASHÜTTE

TUDOR

LONGINES

TISSOT



Glæsilegt úrval heimsþekktra
vörumerkja

MICHELSEN
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Sakaður um alvarleg trúnaðarbrot
Alvogen hefur stefnt fyrrverandi samskiptastjóra. Átti fund með Björgólfi Thor í þeim tilgangi að afla sér upplýsinga til að geta gert fjárhagskröfu á hendur Alvogen.

2

Styðja við vöxt Coripharma
Lyfjafyrirtækið Coripharma hefur gengið frá 2,5 milljarða fjármögnun. Þóðun, nýr framtakssjóður í eigu lífeyrissjóða, orðinn stærsti hluthafinn.

5

Íslandsvinur ráðgjafi við sölu
Bretinn Michael Ridley, sem starfaði um langt skeið hjá fjárfestingabankanum JP Morgan, verður ráðgjafi fjármálaráðuneytisins við sölu ríkisins á Íslandsbanka.

5

Stærsta efnahagsmálið
Stjórnvöld í öðrum ríkjum eru virkir þátttakendur í því að sækja tækifærin og það þurfa íslensk stjórnvöld einnig að gera, segir framkvæmdastjóri SI.

6

Stefnir ríkinu vegna ÁTVR
Innflutningsfyrirtækið ST ehf. hefur stefnt íslenska ríkinu vegna þess að ÁTVR innheimtir 18 prósentu heildsöluálagningu af vindlum sem ST flytur inn.

7

Greidda þarf götu fjármagns


Sameinað félag Kviku banka og TM hefur fjölmörg tækifæri til tekjuvaxtar. Forstjóri Kviku segir mikilvægt að efla fjármögnun þannig að sparnaður beinist í fjárfestingar. ➔4



Sparnaðarstig er hátt en sparnaðurinn er einsleitur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

*GUCCI



Optical
Studio

Nýtt - sólgleraugu 2021

www.opticalstudio.is

Heimilar kaup Langasjós á leigufélaginu Ölmú

Samkeppniseftirlitið hefur heimilað kaup eignarhaldsfélagsins Langasjós á öllu hlutafé leigufélagsins Ölmú, sem áður hét Almenna leigufélagið, og telur ekki forsendur til að grípa til neinnar íhlutunar vegna samrunans.

Í tilkynningu sem var send á sjóðsfélaga ALE, fagfjárfestasjóðs í rekstri GAMMA, dótturfélags Kviku, í gærmorgun, kom fram að gert væri ráð fyrir því að allt söluandvirðið – samtals 11 milljarðar króna – yrði í kjölfarið greitt út til sjóðsfélaga 13. eða 14. apríl, í næstu viku.

Í hópi helstu hluthafa Ölmú, sem sjóðsfélagar í gegnum ALE-sjóðinn, eru meðal annars sjóðastýringarfyrirtækið Stefínir, félög tengd Guðbjörgu Matthíasdóttur, aðaleiganda Ísfélagsins í Vestmannaeyjum, tryggingafélagin TM, Sjóvá og VÍS og einnig Langisjór.

Alma er næststærsta leigufélag landsins með tæplega 1.100 íbúðir í rekstri, einkum á höfuðborgarsvæðinu, og námu heildareignir þess um 47 milljörðum í árslok 2020.



Gunnar Þór Gíslason, einn eigenda Langasjós

47

milljarðar voru eignir Ölmú í árslok 2020.

Langisjór er í eigu systkinanna Guðnýjar Eddu, Eggerts Árna, Halldórs Páls og Gunnars Þórs Gíslabarna, en fjölskyldan á meðal annars heildverslunina Mata. Á meðal dótturfélaga í eigu Langasjós, sem átti eignir upp á tæplega 17 milljarða í árslok 2019, eru Brimgarðar, en félagið er langsamlega stærsti hluthafinn í Eik með rúmlega 15,5 prósentu hlut, auk þess að vera á meðal tuttugu stærstu hluthafa í fasteignafélagunum Regin og Reitum. – hae

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hördur Ægisson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is



FJÁRFESTING Í SJÓÐUM ER GÓÐUR VALKOSTUR

TIL AÐ ÁVAXTA PENINGA TIL SKEMMRI OG LENGRI TÍMA



Kynntu þér árangur og úrval íV sjóða á WWW.IV.IS

ÍSLENSK VERÐBRÉF

— síðan 1987 —

Við hefjum þig upp til skýja

Skráðu þig í áskrift að viðskipta- og bókhaldslausnum hjá Wise



Microsoft Dynamics 365 Business Central



Róbert Wessman, stofnandi og forstjóri Alvogen, hefur verið sakaður um ofbeldi og hótanir í garð starfsmanna.

Fundur með Björgólfi alvarlegt trúnaðarbrot

Alvogen stefnir fyrrverandi samskiptastjóra félagsins. Á að hafa upplýst um fund með Björgólfi Thor í þeim tilgangi að afla sér upplýsinga til að geta gert fjárhagskröfu. Félagið hafnar því að hann geti talist uppljóstrari í skilningi laganna.

Halldór Kristmannsson, fyrrverandi samskiptastjóri Alvogen og einn nánasti samstarfsmaður Róberts Wessman um langt skeið, stofnanda fyrirtækisins, upplýsti um það í viðtölum við lögmennsstofuna White & Case, sem var falið að framkvæma athugun á ásökunum hans á hendur Róberti, að hafa fundað með Björgólfi Thor Björgólfssyni, fjárfesti og aðaleiganda Novator, í nóvember 2020.

Í stefnu Alvogen á hendur Halldóri, sem var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær og Markaðurinn hefur undir höndum, er fullyrt að samkvæmt lýsingum Halldórs sjálfs hafi tilgangur hans með fundinum verið að „afla upplýsinga í því skyni að reyna að koma sér í aðstöðu sem gæti nýst honum til að gera kröfur á hendur félaginu um fjárhagslegt uppgjör sér til handa.“

Alvogen segir í stefnunni að félagið telji „slík samskipti mjög alvarlegt trúnaðarbrot. Þessi samskipti eru í ljósi ráðningarsamnings og trúnaðarskyldu [Halldórs] með öllu óeðlileg. Þessar upplýsingar komu [Alvogen] í opna skjöldu.“

Róbert og Björgólfur Thor hafa lengi eldað grátt silfur saman, sem rekja má allt aftur til ágústmánaðar 2008 þegar Róbert hætti störfum hjá Actavis, en félag Björgólfs fór þá með ráðandi eignarhlut í lyfjafyrirtækinu. Hafa deilur þeirra á milli oftast einu sinni ratað í dómsal á undanförunum árum.

Í dómkröfum Alvogen er þess krafist að viðurkennt verði með dómi að félaginu hafi verið heimilt, eftir að nefnd óháðra stjórnarmanna móðurfélags Alvogen hafi ályktað þess efnis, að rifta fyrirvaralaust ráðningarsamningi við Halldór undir lok síðasta mánaðar. Þá er þess krafist að Halldór verði dæmdur til að greiða rúmlega 8,5 milljónir, eða sem nemur sexföldum mánaðarlaunum, ásamt dráttarvöxtum.

Að lokum fer Alvogen fram á að viðurkennt verði með dómi skaðabótaskylda Halldórs gagnvart fyrirtækinu. Annars vegar vegna „brots á trúnaðarskyldu hans í starfi hjá [Alvogen] sem fólst í veitingu upplýsinga um viðskiptaleyndarmál til fjölmiðla og hins vegar með því að brjóta gegn starfsskyldum sínum með því að veita að orðspori sam-



Halldór Kristmannsson, fyrrverandi samskiptastjóri Alvogen.

stæðu [Alvogen], sem hafi valdið [félaginu] tjóni.“

Í yfirlýsingu sem Halldór sendi frá sér 29. mars síðastliðinn kom fram að hann hefði skorað á stjórnir Alvogen og systurfélags þess Alvotech að vikja Róberti úr starfi vegna stjórnháttanna hans og meintrar, ósæmilegrar hegðunar. Sakaði hann Róbert um að hafa beitt sig ofbeldi og hótad starfsmönnum og óvildarmönnum lifláti.

Stjórni Alvogen hafði tæpri viku áður sent frá sér yfirlýsingu þar sem sagði að niðurstaða White & Case vegna umræddra kvartana hefði verið skýr og að þær ættu sér enga stöð. Athugun lögmennsstofunnar hefði falist í því að rýna í fjölda gagna, auk þess sem rætt hefði verið við Halldór og tugi fyrrverandi og núverandi starfsmanna Alvogen. Var því ekki talin ástæða til að aðhafast neitt vegna málsins.

Halldór hefur hins vegar, nú síðast í yfirlýsingu í gærmorgun, sagt niðurstöðu White & Case vera „hvítþvott“ og hefur áhyggjur af því að „aðgerðaleysi“ fyrirtækjanna gagnvart Róberti kunni að skaða orðspor þeirra.

Í fyrrnefndri stefnu Alvogen á hendur Halldóri er sagt að hann hafi sent fjögur bréf þann 20. janúar síðastliðinn, í gegnum lögmenn sína í Bretlandi og í Bandaríkjunum, til stjórnarmanna Alvogen Lux Holdings, Alvotech, Lotus Pharmaceuticals og Róberts, en í bréfinu til Róberts hafi þess verið krafist að hann byði Halldóri fjárhagsbætur vegna framkomu í hans garð. Tilboð þess efnis ætti að berast innan tveggja vikna. Í stefnunni er nefnt að lögmennsstofan Quinn Emanuel

hafi verið fengin í verkið, en hún er sögð státa sig af því að því að vera sú lögmennsstofa sem „alþjóðleg stórfyrirtæki óttast mest“. Að sögn Alvogen sé því augljóst að tilgangur Halldórs með því að leita til hennar hafi „verið að komast í samningsstöðu til að knýja fram fjárhagsbætur“, segir í stefnunni.

Þá er greint frá því að Halldór hafi mætt í tvö viðtöl við White & Case í febrúar vegna athugunar stofunnar en hafi hins vegar neitað að mæta í þriðja skiptið. Í þeim viðtölum hafi hann gengist við því að fáum vikum eftir að hann sendi bréfin um ásakanirnar á hendur Róberti hefði hann látið fjölmiðlum í té afrit af þeim, en hreinsað áður úr þeim tiltekna upplýsingar. Eiga þau bréf meðal annars að hafa verið send á Bloomberg, fréttaskýringarþáttinn Kveik á RÚV og Financial Times.

Í stefnu Alvogen er því haldið fram að með þessu hafi Halldór viðurkennt í raun að hafa brotið trúnaðar- og þagnarskyldu gagnvart félaginu, þar sem því hafi ekki gefist kostur á að rannsaka ásakarnir hans. „Með þessu fyrirgerði [Halldór] rétti sínum til þess að njóta sérstakrar verndar sem uppljóstrari í skilningi laga nr. 40/2020,“ en Halldór hefur lýst því yfir að hann hafi stigið fram sem uppljóstrari.

Telur Alvogen brýnt að fá úrlausn um lögmæti riftunar á ráðningarsambandi hans við félagið í ljósi fullyrðinga Halldórs um að hann njóti sérstakrar verndar sem uppljóstrari í skilningi laganna. Í stefnu félagsins segir að trúnaðarbrot Halldórs geti ekki talist uppljóstrun í skilningi fyrrgreindra laga og byggir á því að hann hafi „beint ásökunum sínum í tiltekinn farveg með fulltingi erlendra lögmennsstofa til þess að njóta sérstakrar verndar sem uppljóstrari og til að knýja [Alvogen] að samningaborði til greiðslu fjármuna.“ Því hafnar Alvogen sem ótæku.

Á undanförunum mánuðum hefur liftækniyfirtækið Alvotech, systurfélag Alvotech, sótt sér samtals um 100 milljónir dala, að hluta frá íslenskum fjárfestum, í nýtt hlutafé. Með þeirri fjármögnun er félagið, sem er verðmetið á 2,4 milljarða dala, búið að tryggja rekstur sinn fram yfir áformað hlutafjárútbod og skráningu erlendis í haust, að líkindum í bandarísku kauphöllina Nasdaq. hordur@frettabladid.is



30% afsláttur

af öllum
TOPSTAR
stólum



Headpoint

LISTAVERÐ: **93.900 kr.**

TILBOÐSVERÐ:
64.900 kr.



Open Point

LISTAVERÐ: **68.900 kr.**

TILBOÐSVERÐ:
47.900 kr.



Sitniss 15

LISTAVERÐ: **103.900 kr.**

TILBOÐSVERÐ:
69.900 kr.



Cube með örmum

LISTAVERÐ: **88.300 kr.**

TILBOÐSVERÐ:
59.900 kr.



Sitniss Life 40

LISTAVERÐ: **114.900 kr.**

TILBOÐSVERÐ:
79.900 kr.



Big Star 20

LISTAVERÐ: **204.900 kr.**

TILBOÐSVERÐ:
139.900 kr.



Sitniss 40

LISTAVERÐ: **93.900 kr.**

TILBOÐSVERÐ:
64.900 kr.



Body Balance 10

LISTAVERÐ: **39.900 kr.**

TILBOÐSVERÐ:
27.900 kr.



Bonanza hnakkur

LISTAVERÐ: **77.400 kr.**

TILBOÐSVERÐ:
53.900 kr.



Sitniss 5

LISTAVERÐ: **61.900 kr.**

TILBOÐSVERÐ:
42.900 kr.



Sitniss 20

LISTAVERÐ: **54.900 kr.**

TILBOÐSVERÐ:
37.900 kr.



Body Balance 20

LISTAVERÐ: **47.900 kr.**

TILBOÐSVERÐ:
32.900 kr.

Frí snertilaus heimsending
á öllu höfuðborgarsvæðinu



RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

www.hirzlan.is

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. Lager opinn mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.



Tíminn leiddi tækifæri Kviku í ljós

Sameinað félag Kviku banka og TM hefur fjölmörg tækifæri til tekjuvaxtar. Forstjóri Kviku segir sterkan efnahagsreikning og tækifæri til að grípa meiri markaðshlutdeild mestu skipta. Mikilvægt að efla fjármögnun þannig að sparnaður beinist í fjárfestingar.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Stærkur efnahagsreikningur Kviku, sameinaðs félags Kviku banka og TM, og lítill markaðshlutdeild félagsins á ýmsum sviðum, skapar fjölmörg tækifæri fyrir tekjuvöxt. Marinó Örn Tryggvason, forstjóri hins nýja, sameinaða félags, segir að sparnaður landsmanna þurfi að breytast í fjárfestingu með auðveldari hætti en gerist í dag. Samfélagsleg ábyrgð fjármálastofnana eigi meðal annars að snúast um það hvernig innlendir sparnaður nái að fjármagna innlendir fjárfestingar.

„Fyrir einhverjum árum síðan var talað um að samrunar banka og tryggingafélaga hefðu ekki gengið sérstaklega vel en þá var hugmyndin meðal annars sú að selja viðskiptavinum banka tryggingar. En um það snýst ekki málið. Það snýst um að nýta tæknina til þess að auðvelda fólki lífið.“

Sameining Kviku, TM og Lykils var endanlega samþykkt á hluthafafundum félaganna í síðustu viku. Félögin verða sameinuð undir merkjum Kviku, en TM hefur fært váttryggingastarfsemi sína í nýtt félag, TM tryggingar hf., og verður það dótturfélag sameinaðs félags og í sjálfstæðum rekstri. Sameining félaganna var ákveðin í lok nóvember 2020, með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlits sem nú hefur gengið í gegn.

Markaðsvirði Kviku stendur núna í 99 milljörðum króna eftir lokun markaða í dag. Kvika er orðið þriðja verðmætasta félagið í Kauphöllinni á eftir Marel og Arion.

Kom til greina að sameinast Sjóvá eða VÍS?

„Það fólst meiri kostnaðarsamlegð í því að sameinast TM frekar en Sjóvá eða VÍS vegna þess að TM var nýbúið að kaupa Lykil, sem hafði óhagkvæmari fjármögnun en bankinn. Þess vegna hafði TM sótt um viðskiptabankaleyfi, svo að hægt væri að færa fjármögnun Lykils í átt að fjármögnun banka.“

Samruninn getur skapað meiri samlegð en lagt var upp með þegar fyrst var greint frá áformunum. Áhrif vegna bæði tekjusatlegðar og kostnaðarsamlegðar eru talin geta numið allt að 3 milljörðum króna.

Eins og áður hefur verið gefið út telja stjórnir félaganna raunhæft að með samrunanum megi ná fram á bilinu 1.200 til 1.500 milljóna króna árlegri kostnaðarsamlegð, án viðskipta- og einsskiptiskostnaðar.

„Þegar leitað er eftir samrunatækifærum er kostnaðarsamlegð í forgrunni vegna þess að það er mun auðveldara að meta hana heldur en tekjusatlegð. Hún er fyrirsjáanlegri, skekkjumörkin fyrir hluthafa eru minni,“ útskýrir Marinó.

„Megnið af henni felst í endurfjármögnun Lykils. Kvika er vel fjármagnaður banki sem getur að mestu leyti – ef ekki öllu – endurfjármagnað stóran hluta af skuldum Lykils. Auk þess fækkar um eitt skráð félag og eina stjórn, einnig er hægt að samnýta ýmis tölvukerfi fyrirtækjanna og svo framvegis.“

Þá er áætlað að eftir þrjú ár hafi náðst tekjusatlegð að fjárhæð 1.500 milljónir króna. Tekjusatlegð felst í afkomu af starfsemi sem líklega hefði ekki náðst án samrunans. Það er því áætlað að tekju- og kostnaðarsamlegð leidi til þess að árlegur hagnaður sameinaðs félags fyrir skatta verði 2.700 til 3.000 milljónum króna hærri en



Sameinað félag verður meðal verðmætustu fyrirtækja í Kauphöllinni, enda um einn stærsta samruna síðustu ára að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ekki nýjar heimildir til áskrifta

Áskriftarréttindi starfsmanna Kviku banka að hlutum í bankanum eru ekki óumdeild. Hefur mörgum hluthöfum bankans þótt fyrirkomulagið of mikið að umfangi.

„Það er rétt að mörgum hluthöfum hefur fundist áskriftarréttindin umfangsmikil í hlutfalli við útgefið hlutafé. Helstu athugasemdirnar hafa snúið að umfangi kerfisins. Þegar bankinn var enn óskráður var ekki fyrir séð að hann myndi dafna eins

vel og hann hefur gert. Umfangið hefur hins vegar minnkað hlutfallslega í takt við nýtingu starfsmanna á réttindunum og með samrunanum minnkar hlutfallið enn meira,“ segir Marinó, spurður um framtíð fyrirkomulagsins.

„Það er í höndum hluthafa að taka ákvörðun um framhaldið. Samkvæmt tillögum sem verða lagðar fyrir næsta aðalfund er ekki verið að leggja til nýjar heimildir til útgáfu áskriftarréttinda.“

„Á fjármálamarkaðinum eru þrír stærstu bankarnir svipaðir að stærð og sama gildir um tryggingafélögin. Eftir sameininguna við TM erum við með einstakt félag á fjármálamarkaði sem er ólíkt keppinautunum. Eg er ekki að segja að þetta sé eina rétta viðskiptalíkanið en mér finnst þetta spennandi viðskiptalíkan. Hagkerfið snýst um samkeppni hugmynda.“

Efla þarf fjármögnun

Gangverk fjármálakerfisins er Marinó hugleikið. Hann segir að góðar hugmyndir þurfi greiðan aðgang að fjármagni svo að bæta megi lífskjör og þróa samfélagið í rétta átt.

„Við þurfum að finna leið til þess að nýsköpunarfyrirtæki ákveði að starfa á Íslandi. Staðan í dag er því miður sú að mörg fyrirtæki eru seld úr landi þegar hugmyndin hefur sannað sig. Til þess að nýsköpunarfyrirtæki vilji starfa áfram hér á landi þarf að búa til umhverfi þannig að nýir eigendur sjái hag sinn í því,“ segir Marinó og nefnir nokkur skilyrði sem þarf að uppfylla.

„Við þurfum hugmyndir – af þeim virðist vera nóg enda er fjölbreytt flóra í íslensku nýsköpunarumhverfi. Við þurfum auk þess gott reglu- og skattaumhverfi, og hagkvæmt fjármögnunarumhverfi. Ísland getur líklega seint keppt í lágu sköttum og líklegt er að launakostnaður verði áfram hærri en í mörgum löndum sem við kepp-

um við,“ bætir hann við.

Liggur því beinast við að hlúa vel að fjármögnunarumhverfinu að mati Marinós.

„Sparnaðarstig er hátt en sparnaðurinn er einsleitur vegna þess að hann fer að miklu leyti í gegnum lífeyriskerfið. Fyrir ári síðan hafði ég miklar áhyggjur af verðmyndun á verðbréfamarkaðinum en mikil fjölgun almennra fjárfesta á síðustu mánuðum hefur aðeins slegið á þær,“ segir Marinó.

„En sparnaður þarf að breytast í fjárfestingu með auðveldari hætti. Það er á ábyrgð allra sem eru í forsvari fyrir íslenskan fjármálamarkað – hvort sem það eru bankar, tryggingafélög eða lífeyrissjóðir – að búa svo um hnútana að hægt sé að fjármagna góðar hugmyndir svo að fyrirtæki velji að vaxa og dafna á Íslandi. Mér finnst að samfélagsleg ábyrgð eða jafnvel skylda aðila á fjármálamarkaði ætti, að minnsta kosti að hluta, að snúast um það hvernig innlendir sparnaður ætti að fjármagna innlendir fjárfestingar. Fjárfestingar geta leitt til fjölbreytts rekstrar og atvinnutækifæra sem er svo aftur grunnurinn fyrir öflugt velferðarkerfi. Það er því grundvallarforsenda fyrir því að það verði gott að búa hér á landinu í framtíðinni að fyrirtæki ákveði að starfa á Íslandi.“

Þú nefnir samfélagslega ábyrgð. Kvika hefur ekki beint tekið þátt í kapphlaupi stóru viðskiptabankanna í sjálfbærnimálum? Að minnsta kosti ekki út á við. Hvernig stendur á því?

„Það er mikið talað um samfélagslega ábyrgð. Að mínu mati er farsælast að beina kröftum sínum þangað sem þú getur haft mest áhrif, á þeim vettvangi þar sem þú starfar geturðu haft raunveruleg áhrif. Það er stefna Kviku banka. Dæmi um það er að við unnum ókeypis fyrir Icelandair í aðdraganda hlutafjárútbóðsins á síðasta ári. Þarna gátum við nýtt þá þekkingu sem bankinn býr yfir til þess að aðstoða við að þjóðhagslega mikilvægt verkefni næði fram að ganga.“

Þegar allt kemur til alls hafa fjármálafyrirtæki aðeins eitt hlutverk

●● Það er á ábyrgð allra sem eru í forsvari fyrir íslenskan fjármálamarkað að búa svo um hnútana að hægt sé að fjármagna góðar hugmyndir svo að fyrirtæki velji að vaxa og dafna á Íslandi.

Marinó Örn Tryggvason, forstjóri Kviku

að sögn Marinós: miðlun fjármagns. Hann segir fjármálakerfið jafn mikilvægan innvið fyrir landið og samgöngur.

Ýmislegt á teikniborðinu

Kvika banki keypti nýlega allt hlutafé í fjártæknifyrirtækinu Aur. Það heldur utan um samnefnt app sem býður upp á einfalda og fljótlega leið til að borga, rukka eða deila peningum.

„Aur er fjártæknifyrirtæki sem við teljum að henti hagkerfinu eins og það er í dag og verður í framtíðinni. Það einfaldar fólki lífið og er að því leyti hluti af þessari vegferð að gera fjármálafyrirtæki ósýnileg. Og það er dálítið merkilegt að þegar við höfum viðræður við TM kom í ljós að þau höfðu líka mikinn áhuga á Aur,“ segir Marinó. Bankinn keypti einnig nýlega fjártæknifyrirtækið Netgiró.

Eru nýjar fjármálaafurðir á teikniborðinu?

„Það eru ýmsar hugmyndir á teikniborðinu og nú þegar samruninn hefur gengið í gegn munu fleiri og fleiri tækifæri koma í ljós. Við munum koma fram með nýjungar þegar fram í sækir, ekki ósvipað því sem við gerðum með Auði,“ segir Marinó. Fyrir tveimur árum hleypti Kvika af stokkunum Auði, nýrri fjármálaþjónustu, sem býður upp á sparnaðarreikninga.

Lífeyrissjóðir styðja við vöxt Coripharma

Coripharma hefur gengið frá 2,5 milljarða fjármögnun. Íðunn, nýr sjóður í eigu lífeyrissjóða, stærsti hluthafinn. Fengu einnig beina fjárfestingu frá sjóðunum. Sér tækifæri fyrir Ísland til að laða til sín fleiri fyrirtæki í nýsköpun og þróun.

Samheitalyfjafyrirtækið Coripharma hefur gengið frá 2,5 milljarða króna hlutafjárúkningu til þess að fjármagna áframhaldandi þróun á samheitalyfjum. Umframeftirspurn var eftir nýjum hlutum í íslenska fyrirtækinu, sem áætlað er að setja fyrsta samheitalyf sitt á markað í sumar.

„Það er ánægjulegt að sjá þennan mikla áhuga íslenskra fjárfesta á að taka þátt í uppbyggingu félagsins og að viðhalda þessum mikilvæga þekkingariðnaði hérlandis,“ segir Jónína Guðmundsdóttir, forstjóri Coripharma. „Þróun samheitalyfja er bæði kostnaðarsöm og tímafrek,“ bætir hún við og nefnir að fyrirtækið muni verja um 9 milljónum evra, jafnvirði um 1,6 milljarða króna, í rannsóknir og þróun í ár. „Það er því gríðarlega mikilvægt að fá þetta fjármagn inn á þessu viðkvæma vaxtarskeiði, en Coripharma gerir ráð fyrir að þróa og markaðssetja 5-6 samheitalyf árlaga.“

Coripharma er íslenskt samheitalyfjafyrirtæki sem tók yfir verksmíðju og þróunareiningu Teva (áður Actavis) í Hafnarfirði fyrir fáeinum árum. Félagið sérhæfir sig í þróun og framleiðslu samheitalyfja, ásamt því að sinna verktökumframleiðslu fyrir önnur lyfjafyrirtæki. Starfsfólk Coripharma telur um 130 manns og er hópur fólks með áralanga reynslu í þróun, framleiðslu og sölu á lyfjahugviti og samheitalyfjum til annarra lyfjafyrirtækja um allan heim.

Stærsti, nýi hluthafinn er Íðunn framtakssjóður sem er nýstofnaður framtakssjóður í rekstri Kviku eignastýringar. Hluthafar Íðunnar eru flestir af stærstu lífeyrissjóðum landsins. Eftir hlutafjárhækkunina ræður Íðunn yfir 19 prósentu hlut í Coripharma og er þar með orðinn stærsti hluthafi fyrirtækisins.

Meðal annarra stórra hluthafa má nefna framtakssjóðinn TFII, sem er í stýringu Íslenskra verðbréfa, BKP Invest, sem er í meirihlutaeigu Bjarna K. Þorvarðarsonar stjórnarformanns Coripharma, Vátryggingafélag Íslands, Snæból og Eignarhaldsfélagið Hof. Fjárfestarnir eru bæði innlendir og erlendir, auk þess sem íslenskir lífeyrissjóðir koma nú að hlutafjárhækkun félagsins í fyrsta sinn með beinum hætti. Fyrirtækjaráðgjöf Kviku var ráðgjafi Coripharma við hlutafjárúkninguna.

Ásamt því að renna stöðum undir þróunar- og rannsóknastarf Coripharma mun hlutafjárúkningin styrkja stefnu félagsins um bættan aðgang að erlendum mörkuðum



Jónína Guðmundsdóttir tók við sem forstjóri íslenska lyfjafyrirtækisins Coripharma í apríl á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

●● Ef þær breytingar sem kynntar voru í fyrra verða festar í sessi getur Ísland klárlega laðað til sín fleiri fyrirtæki í þróun og nýsköpun.

að sögn Jónínu. „Við erum að byrja að laða til okkar markaðsfólk sem kemur til okkar með tillikumikið tengslanet og mikla reynslu á samheitalyfjamarkaðinum. Þannig erum við nú komin með fólk sem starfar við viðskiptaþróun á þýska og spænska markaðinum og fyrir liggur að bæta við markaðstengdum mannauði á öllum helstu mörkuðum.“

Fyrsta samheitalyfið sem er þróað og framleitt af Coripharma kemur á markað í Evrópu nú í sumar. „Við höfum tryggt okkur samninga við lyfjafyrirtæki í Evrópu sem kaupa aðgang að hugvitinu og vörunni, en Coripharma mun framleiða og pakka lyfinu í Hafnarfirðinum á meðan viðskiptavinir Coripharma munu markaðssetja lyfin í Evrópu undir sínum eigin vörumerkjum.“

Umhverfið batnar
Spurð um rekstrarumhverfi Coripharma hér á landi segist Jónína oft hafa verið spurð hvers vegna ákveðið var að setja upp starfseminu á Íslandi.

„Ein af ástæðunum er að hér á landi hefur byggst upp umfangsmikil þekking á samheitalyfjaiðnaði og hér er mjög gott aðgengi að reyndum

sérfræðingum í lyfjaþróun og framleiðslu. Gríðarlega mikilvægt er að hafa gott aðgengi að þolinmóðu fjármagni en auk þess hefur opinber stuðningur við fyrirtæki í hugverkaðnaði, sem byggja að stórum hluta á rannsóknum, þróun og nýsköpun, verið að batna hérlandis.“

Samkvæmt greiningu Samtaka iðnaðarins námu útflutningstekjur hugverkaiðnaðar 15 prósentum af heildarútflutningstekjum þjóðarbúsins árið 2020. Jónína segir að íslensk yfirvöld séu að vakna til vitundar um þá samkeppni sem ríkir meðal þjóða um að laða að sér nýsköpunarfyrirtæki. Yfirvöld hafa meðal annars aukið stuðning við hugverkaiðnaðinn og innleitt aukna hvata, svo sem í formi endurgreiðsluhlutfalls vegna rannsókna og þróunar.

„Markmiðið er auðvitað að skapa fyrirsjáanleika í rekstri og gera fyrirtækjum í rannsóknum og þróun kleift að gera langtíma-áætlanir,“ segir Jónína. „Ef þær breytingar sem kynntar voru í fyrra verða festar í sessi, getur Ísland klárlega laðað til sín fleiri fyrirtæki í þróun og nýsköpun. Og þetta snýst ekki einungis um að fá þróunarstarfseminu og skapa hálauna-störf í landinu, heldur einnig um framleiðsluna, afleiðdu störf og útflutningstekjurnar sem skila sér á endanum.“

Gangi áætlanir Coripharma eftir mun félagið velta um 75 milljónum evra, jafnvirði 11,3 milljarða króna, árið 2025 og skapa 260 störf í þekkingargeiranum.

thorsteinn@frettabladid.is

Ridley aðstoðar við sölu Íslandsbanka

Bretinn Michael Ridley, sem starfaði um langt skeið hjá fjárfestingabankanum JP Morgan, hefur verið fenginn sem ráðgjafi fjármála- og efnahagsráðuneytisins við sölumæðferð ríkisins á Íslandsbanka.

Þetta staðfestir ráðuneytið í svari til Markaðarins en Ridley mun sinna ráðgjafarstörfum út söluferlið. Áformað er að selja 25 til 35 prósentu hlut í bankanum í gegnum hlutafjárútbod og skráningu á markað um mitt þetta ár.

Ridley er vel kunnur ráðgjafarstörfum fyrir stjórnvöld en hann



Michael Ridley starfaði um langt skeið hjá bankanum JP Morgan.

var á meðal nokkurra bankamanna JP Morgan sem Seðlabanki Íslands fékk sér til aðstoðar þegar bankarnir féllu í byrjun október 2008.

Þá var leitað til Ridley í ársbyrjun 2018 til að vinna tímabundið fyrir stjórnvöld að málefnum sem tengdust fjármálakerfinu og kom hann meðal annars að ráðgjöf vegna endurskoðunar þágildandi forkaupsréttar ríkisins að hlutabréfum Kaupþings í Arion banka. Ridley sat einnig fundi með ráðamönnum í mars 2019 þegar flugfélagið WOW air ríðaði til falls. – hae

FJALLKONAN

KRÁ & KRÆSINGAR

Arkitektar fengnir of seint að borðinu

Svipmynd

Helga Guðrún Vilmundardóttir

Nám:

Útskrifaðist úr MR 1999. BA gráða í arkitektúr frá Arkitektaskólanum í Árósum 2005. MA, Master of Arts in Architecture frá Det Kongelige kunstakademiet arkitektskole í janúar 2008 af deildinni „Arkitektúr/þróun byggða í borgum“.

Störf:

Situr í stjórn Arkitektafélags Íslands. Stofnaði eigin teiknistofu, Stáss arkitekta, ásamt Árnýju Þórarinsdóttur árið 2009 og hefur unnið þar sem arkitekt og framkvæmdastjóri. PK arkitektar frá janúar-september 2008, vann meðal annars við hönnun Höfðatorgs. Henning Larsen Architects, Kaupmannahöfn, vann meðal annars við hönnun Hörpu og Háskólans í Reykjavík árin 2006-2007.

Fjölskylduhagir:

Gift Hallgrími Björnssyni, hagfræðingi, fjármála- og rekstrarstjóra hjá Lauf Cycling og þau eiga þrjú börn, Þórhildi 17 ára, Ara 12 ára og Snorra 8 ára.

Helga Guðrún Vilmundardóttir, framkvæmdastjóri Stáss arkitekta, segir að það hætti til að arkitektar séu fengnir of seint að borði í verkefnum. Skorti þá oft faglega reynslu



Uppáhaldsborg Helgu Guðrúnar er New York. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

og yfirsýn sem geri verkefnið erfiðara og auki kostnað. Stáss hannaði höfuðstöðvar íslenska hjólaframleiðandans Lauf Cycling sem verða opnaðar innan skamms. Í fyrra tók arkitektastofan skrifstofur Festar á Dalvegi í gegn.

Hvað skiptir höfuðmáli við hönnun á skrifstofuhúsnæði?

Við upphaf hvers verkefnis er gríðarlega mikilvægt að undirbúa það vel, greina þarfir allra þeirra hópa sem koma til með að nota rýmið og reyna að spá í alla notkunarmöguleika, en einnig að hugsa út frá mögulegum vexti og breytingum. Leggja þarf áherslu á uppbyggingu rýma og flæði þeirra á milli. Sveigjanleiki í notkun rýma er sérstaklega mikilvægur í ljósi

þess hvernig starfsumhverfi getur breyst fljótt og er það sérstaklega eitthvað sem við höfum fundið núna á tímum heimsfaraldursins. Með góðum undirbúningi og faglegri nálgun næst starfsumhverfi þar sem starfsmönnum líður vel. Aukin starfsánægja eykur framleiðni og það er klárlega hagur allra fyrirtækja. Það er því góð fjárfesting fyrir fyrirtæki að fara í vel undirbúnað og vel igrundaðar breytingar þar sem hönnun er stýrandi þáttur.

Á hverju flasku margir við hönnun á skrifstofurými?

Það er okkar reynsla að arkitektar eru fengnir of seint að verkefnum. Rokið er í breytingar og er fyrst hringt í arkitektinn eftir að farið er af stað. Þá vantar oft faglega reynslu



Flesta morgna byrja ég að hjóla annað hvort inni eða úti, finnst best að klára hreyfingu dagsins snemma á morgnana.

og yfirsýn sem gerir verkefnið erfiðara og eykur kostnað.

Hvaða verkefni hefur arkitektastofan Stáss lokið nýlega og hver eru í farvatninu?

Á síðasta ári kláruðum við að taka skrifstofur Festar á Dalvegi í gegn og var það mjög gott verkefni í alla staði. Frábært samstarf við alla hlutaðeigendur sem skilaði sér í flottu verkefni sem almenn ánægja er með. Við höfum haldið áfram að vinna fyrir Festi og N1 og erum í mjög skemmtilegri vegferð með þeim við að endurhanna bensínstöðvarnar þeirra með áherslu á jákvæðari heildarupplifun fyrir viðskiptavinum N1.

Við vorum að klára að teikna 300 fermetra mannvirki á Snæfellsnesi. Þar lögðum við mikla áherslu á arkitektónisk gæði mannvirkisins þar sem náttúran verður dregin inn í bygginguna og stórbrotið landslagið rammað inn. Framkvæmdir eru að hefjast um þessar mundir.

Einnig höfum við verið að vinna mjög áhugavert verkefni, hönnun á gjaldtökusalernum, í samvinnu við Sanna landvætti. Er það líður í að leysa salernisvanda í tengslum við aukningu ferðamanna. Fyrsta húsið var sett niður á Laufskálavörðu á síðasta ári og er nú á dagskrá

hönnun á fleiri sambærilegum salernishúsum sem staðsett verða víðs vegar um landið þar sem vöntun er á aðstöðu fyrir ferðamenn.

Á næstu vikum verða einnig opnaðar nýjar höfuðstöðvar íslenska hjólafyrirtækisins Lauf Cycling. Þar er mikill metnaður á ferð og er ég mjög spennt að sjá útkomuna.

Hver er uppáhaldsborgin þín?

Það er klísja en það er New York. Ég var ótrúlega skeptisk á þessa borg fyrst þegar ég kom þangað, var bara ekki að trúa því borgin gæti verið svona frábær eins og fólk sagði. En ég var frá mér numin þegar ég kom þangað fyrst. Reyndar var ég svo heppin að fá bestu mögulegu leiðsögn um borgina frá vinkonu minni sem bjó þarna og þekkti borgina eins og lófan á sér og jók það klárlega á upplifunina.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Ég hef áhuga á skíðamennsku, laxveiði, hálendisgöngum, hestum, hjólum, menningu, ferðalögum, skemmtilegu fólki og hlátri.

Hvernig er morgunrútinan þín?

Flesta morgna byrja ég að hjóla annað hvort inni eða úti, finnst best að klára hreyfingu dagsins snemma á morgnana. Fer svo heim og kem börnunum í skóla og fæ mér svo fyrsta langþráða kaffibolla dagsins á skrifstofunni.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Om at opleve arkitektur eftir Steen Eiler Rasmussen. Bókin tæklar flest það sem fellur að vinklum arkitektúrs, eins og dagsljós, loft, rými, samhengi og fleira. Þessi bók er tímalaus klassík.

Stærsta efnahagsmálið



Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

A næstu tólf mánuðum verða teknar ákvarðanir sem munu ráða miklu um efnahagslega framtíð á Íslandi næstu ár og áratugi. Kólnun hagkerfisins var staðreynd fyrir heimsfaraldur kórónaveiru. Viðbrögð við heimsfaraldrinum hafa reynst hinu opinbera mjög kostnaðarsöm og nemur aukning skulda hátt í milljarði króna á hverjum virkum degi. Eftir skynsama hagstjórn undanfarinna ára er ríkissjóður vel í stakk búinn að taka á sig auknar byrðar en að lokum kemur að skuldadögum. Leið vaxtar – að veita atvinnulífínu svigrúm til að skapa aukin verðmæti og ný og eftirsótt störf – er farsælasta leiðin fram á við. Leið aukinna, opinberra umsvifa og skattlagningar mun hefta vöxt atvinnulífs og teftja endurreisnina. Með því að slíta fjötrana sem halda aftur af atvinnulífínu með markvissum hætti á næstu mánuðum verður hægt að hraða uppbyggingu og skapa ný og eftirsótt störf og aukin verðmæti.

Ný sókn atvinnulífs er fram undan. Valið snýr að því hvort við viljum endurreisa hagkerfið sem var eða byggja upp fleiri stöðir með því að virkja hugvitið í meiri mæli. Áherslur Samtaka iðnaðarins í þeim efnum eru skýrar en á sama tíma og bæta þarf rekstrarskilýrði þeirra atvinnugreina sem fyrir eru þarf að byggja upp nýjan iðnað og sækja tækifærin. Þannig aukast lífsgæði landsmanna til lengri tíma lítið, ekki bara til skemmri tíma.

Nýlega gáfu Samtök iðnaðarins út skýrslu undir yfirskriftinni „Hlaupum hraðar“ þar sem fjallað er um efnahagsleg markmið til ársins 2025 og fjölmargar leiðir til að ná þeim



markmiðum. Í stuttu máli þarf að fjölga störfum í einkageiranum um 29 þúsund á næstu fjórum árum og auka útflutning um 300 milljarða til að búa við sömu lífsgæði og voru áður en heimsfaraldur kórónaveiru skall á. Þetta er vissulega metnaðarfullt en raunhæft og má benda á að svipaður fjöldi starfa varð til á árunum 2015-2018.

Slítum fjötrana


Samkeppnishæfni er hugtak sem segir til um það hvernig skilyrði til rekstrar eru hér í samanburði við önnur ríki. Samkeppnishæfni ræðst ekki af einum þætti heldur er hún samspil margra ólíkra þátta. Úttekt Alþjóðabankans frá árinu 2017 staðfestir að þeir fjórir þættir sem helst hafa áhrif á framleiðni og þar með samkeppnishæfni eru menntun, sem snýr að mannauði fyrirtækja, efnislegir innviðir, nýsköpun og starfsumhverfi sem lýtur meðal annars að regluverki og skattheimtu. Þess vegna líta Samtök iðnaðarins til þessara fjögurra málaflokka og umbóta í þeim til viðbótar við umhverfis- og orkumál sem tengjast iðnaðinum órjúfanlegum böndum.

Með samhæfingu í þessum málaflokkum, með rauðum þræði eða sameiginlegu yfirmarkmiði næst mun meiri árangur og skilvirkni en með því að móta stefnu í hverjum málaflokki fyrir sig án til-

lits til annarra málaflokka. Þannig styðja áherslur í menntamálum við nýsköpun og innviðaupbygging við frekari verðmætasköpun svo dæmi séu tekin. Þetta er gjarnan nefnt atvinnustefna (e. industrial strategy) og hvetja Samtök iðnaðarins til þess að stjórnvöld horfi til slíkrar stefnu.

Sækjum tækifærin

Framfarir verða sífellt í tækni og nýr iðnaður lítur dagsins ljós. Regluverk tekur eðlilega mið af þeim veruleika sem ríkir þegar reglurnar voru settar en gerir ekki endilega ráð fyrir þróun og nýjum atvinnugreinum. Með því að bæta skilyrði, auka sveigjanleika regluverks, vera vakandi fyrir nýjum tækifærum og segja frá þeim möguleikum sem hér bjóðast hvetja stjórnvöld til atvinnuuppbyggingar og erlendra fjárfestingar án þess þó að gera upp á milli greina. Stjórnvöld í öðrum ríkjum eru virkir þátttakendur í því að sækja tækifærin og það þurfa íslensk stjórnvöld einnig að gera. Þetta gerðu stjórnvöld á sjöunda áratug síðustu aldar þegar tækifæri þess tíma voru sótt. Nú þarf að sækja tækifæri okkar tíma sem liggja í nýsköpun, hugverkaíðnaði og í öðrum iðnaði sem tengist hröðum tækni- framförum og loftslagsmálum. Þetta er stærsta efnahagsmálið.



Kaup, sala og samruni fyrirtækja.

- Verðmat
- Ráðgjöf og undirbúningur fyrir sölumeðferð
- Milliganga um fjármögnun
- Samningagerð



kontakt@kontakt.is | 414 1200 | www.kontakt.is

Stefnir íslenska ríkinu vegna álagningar ÁTVR

Innflutningsfyrirtækið ST ehf. hefur stefnt íslenska ríkinu vegna þess að ÁTVR innheimtir 18 prósentu heildsöluálagningu af vöndum sem ST flytur inn, en fyrirtækið selur vöndlana beint í smásölu til neytenda, án milligöngu heildsala. Telur ST ehf. að ekki sé lagað fyrir heildsöluálagningunni, enda sé henni ætlað að standa undir kostnaði við dreifingu til smásala hér á landi. Slikri dreifingu sé ekki fyrir að fara í tilfelli þeirra vara sem ST ehf. flytur inn. Stefna fyrirtækisins á hendur ríkinu verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í fyrramálið.

„Ferlið við innflutning á tóbakinu háttar þannig til að stefnandi (ST ehf.) flytur inn vöruna sem er svo færð á frísvæði þar til stefnandi óskar eftir því við ÁTVR að stofnunin taki vöruna til heildsölu dreifingar. ÁTVR gerir þannig kröfu um að stefnandi selji ÁTVR tóbak sitt á verði sem stefnandi ákveður og þarf stefnandi svo að kaupa vöruna aftur af ÁTVR, að genginni álagningu tóbaksgjalds og 18 prósent heildsöluálagningar. ÁTVR hefur því skyldað stefnanda til þess að stofna til viðskiptasambands við stofnunina og greiða hið umþætta heildsöluálag, ellegar fær stefnandi ekki innfluttar vörur sínar til afhendingar til smásölu,“ segir í stefnu ST ehf.

Fyrirtækið byggir kröfu sína

» ÁTVR hefur því skyldað stefnanda til þess að stofna til viðskiptasambands við stofnunina og greiða hið umþætta heildsöluálag, ellegar fær stefnandi ekki innfluttar vörur sínar til afhendingar til smásölu.

meðal annars á því að það sé innflytjandi og smásali. Heildsala hafi ekkert með starfsemi fyrirtækisins að gera, hvorki í skilningi laga né samkvæmt almenntri málvenju. Heildsöluálagningin sé einnig lögd á vörur ST ehf. líkt og um skatt sé að ræða, þó að fyrirtækið njóti engar þjónustu í skiptum fyrir heildsöluálagninguna. Veik eða engin lagað sé fyrir heildsöluálagningu ÁTVR. Jafnframt er bent á í stefnunni að túlka eigi íþyngjandi skattreglur skattborgurum í hag.

Rætt verður við Elías Blöndal Guðjónsson, forsvarsmann ST ehf., í sjónvarpsþætti Markaðarins á Hringbraut á miðvikudagskvöld. –thg

Sýn gæti greitt út milljarð eftir sölu á innviðum

Sýn gæti greitt út einn milljarð króna til hluthafa í kjölfar sölu á óvirkum farsímainnviðum ef stjórnendur fyrirtækisins kjósa að halda óbreyttu skuldahlutfalli með leiguskuldbindingum og óbreyttu eiginfjárlutfalli. Þetta er mat greinenda Landsbankans.

Við upphaf mánaðar undirritaði Sýn samning um sölu og leigu á umræddum innviðum til erlendra fjárfesta. Samningarnir eru með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins, auk annarra hefðbundinna fyrirvara um viðskipti af þessum toga. Viðskiptin munu styrkja efnahagsreikning félagsins og nemur væntur söluhagnaður yfir sex milljörðum króna.

Fram kemur í bréfi Landsbankans til fjárfesta sem Markaðurinn hefur undir höndum að borið hafi á áhyggjum af því að sjóðsstreymi Sýnar geti ekki staðið undir leigugreiðslum af innviðum. Að mati greinenda bankans eru leigugreiðslurnar ekkert sérstaklega



Heiðar Guðjónsson, forstjóri Sýnar.

íþyngjandi þótt fjárhæðin sé enn óljós því félagið muni líklega nýta verulegan hluta af söluverðinu til að greiða niður vaxtaberandi lán. Við það muni sparast um 100 til 120 milljónir króna í vaxtagreiðslur.

Greinendur bankans gera sér í hugarlund að greiðslan verði á bilinu 300 til 400 milljónir króna á ári. „Vert er að nefna að margt er enn óljóst, sér í lagi varðandi hvernig leigu á innviðunum verði háttað, þ.e. undirliggjandi vaxtakostnaður, leigutími og hvort leigan þróist með öðrum þáttum en til dæmis verðbólgu,“ segir í bréfinu. – hvj

APOTEK
KITCHEN+BAR

FRÁBÆR Í HÁDEGINU

FISKIVEISLA

3 tegundir af ferskasta fiski dagsins

APRÍL TILBOÐ

1.990 kr. á mann

GRILLAÐUR – PÖNNUSTEIKTUR – OFNBAKAÐUR

Borinn fram með fersku salati, smælki, og citrus beurre blanc.

APOTEK Kitchen + Bar // Austurstræti 16 / Sími 551 0011 / [apotek.is](#)

V
EST

Vara mánaðarins

Verð frá:

483,800 kr

Hjelle

Modell 711

Hönnun Fredrik A. Kayser

Hægindastóll sem stendur tímans tönn. Hannaður árið 1960. Þessi dásamlegi stóll er margverðlaunaður fyrir klassíska hönnun sína og er þægilegur jafnt sem einstakur.

Ármúli 17

620 7200

Þáanlegur í margvíslegum útfærslum

[www.vest.is](#)

SKOÐUN



Helgi Vífill
Júlíusson

Allir eru nettir

Of margir, að minnsta kosti þeir sem láta til sín taka á samfélagsmiðlum, hafa gleymt mikilvægri þumalputta-reglu: Allir eru nettir. Af því að þetta er þumalputtaregla þá veitir hún svigrúm til að nægur fjöldi fólks falli ekki undir hana, eða 20 prósent. Við erum jú mannleg.

Við það vaknar spurningin, jafnvel þótt það séu ekki allir nettir, hvaða máli skiptir það? Af hverju að blóta einhverjum í sand og ösku fyrir tiltekna skoðun? Hverju erum við sem einstaklingar eða samfélag bættari? Að stilla viðhorf sitt til lífsins á þessa vegu skapar viðkomandi gremju og óánægju og getur að sjálfsögðu sært aðra djúpt. Sjaldnast vitum við hvaða byrðar samferðafólk okkar ber.

Það er með ólíkindum hversu reiðir sumir verða þegar rætt er um hefðbundin, pólitísk álitamál. „Helgi, fólk er ekki fifl... þú ert fifl,“ skrifaði ósáttur lesandi þegar ég gagnrýndi málflutning þeirra sem vilja ekki selja Íslandsbanka. Annar ókunnugur bætti um betur: „Þetta er viðrini og verður aldrei annað.“ Sú setning er í upphaldi hjá mér enda hef ég lært að hafa gaman af svona vitleysu.

Það er engu að síður mikilvægt að kunna að skiptast á skoðunum án þess að eitra eigið sálarlíf og annarra, eða eins og séra Friðrik Friðriksson sagði við vígslu fyrsta knattspyrnuvallar Vals: „Látið aldrei kappið bera fegurðina ofurliði.“

Það virðist loða við að embættismenn tortryggja atvinnulífið og einkageirinn efast um hæfni þeirra sem starfa hjá hinu opinbera. Þessir tveir mikilvægu hópar mega ekki skipa sér í stríðandi fylkingar. Blómlegt atvinnulíf er undirstaða hagsældar landsmanna og fjármagnar gott heilbrigðis- og menntakerfi.

Stjórnarformaður Samkeppnis-eftirlitsins, sem sannarlega var nettur þegar hann kenndi mér viðskiptafræði og þægilegur viðmælandi í blaðaviðtölum, sagði á dögunum: „Það er ekki hægt að finna neina betri sönnun þess að Samkeppniseftirlitið sé á rétttri leið en að forsvarsmenn íslenskra stórfyrirtækja hamist gegn því með öllum tiltækum ráðum og Fréttablaðið slái því upp í fimm dálka forsiðufrétt!“

Þetta er ómálefnalegt innlegg sem því miður endurómar tíðarandann: Of margir hafa skipað sér í lið sem útata andstæðinga sína. Við sem tjáum okkur opinberlega þurfum að vanda okkur og færa rök fyrir máli okkar. Sleggju-dómar skilja eftir sig sviðna jörð.

Keyptu Domino's á 2,4 milljarða

Fjárfestahópurinn sem keypti rekstur Domino's á Íslandi greiddi 2,4 milljarða króna fyrir skyndabitageðjuna. Þetta kemur fram í tilkynningu frá seljandanum, hinu breska Domino's Pizza Group, til Kauphallarinnar í London. Búið er við að salan gangi í gegn í mai.

Eins og greint hefur verið frá samanstendur fjárfestahópurinn af félögum Eyju, í eigu Birgis Bieltvedt, Sjávarsýn, sem er í eigu Bjarna Ármannssonar, Kristni, sem er í eigu Guðbjargar Matthíasdóttur og Lýsi, sem er meðal annars í eigu Gunnlaugs S. Gunnlaugssonar og Katrínar Pétursdóttur.



Birgir Bieltvedt eigandi Eyju.

Domino's Pizza Group keypti reksturinn af Birgi í tvennu lagi árin 2016 og 2017 fyrir um 8,4 milljarða. Tekjur Domino's á Íslandi, sem rekur 23 pítsustaði, drögust saman um 17 prósent í fyrra. Þær námu 20,5 milljónum punda, jafnvirði 3,7 milljörðum króna miðað við þáverandi gengi. Rekstrarhagnaður var liðlega 100 milljónir.

Þrír fjárfestahópar bitust um að kaupa rekstur Domino's. Hinir tveir voru hópur sem samanstóð af eigendum pítsustaðarins Spaðans sem Þórarinn Ævarsson fer fyrir og Alfa, sem rekur sjö milljarða króna framtakssjóð. – þfh

01.04.2021

Það er orðið ríkjandi viðhorf í mörgum stjórnmaflokki um í dag að skattlagning búi til verðmæti.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins.



“Ég á erfitt með að skilja tilfinningar





Sterkari saman
í sátt við umhverfið



LITRÓF



Guðjón Ó

Prenttækni

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000



Kauptu næluna á blarapril.is

Einhverfa er alls konar

Birtingarmyndir einhverfu eru afar breytilegar og miðast að því hvernig einstaklingurinn skynjar sjálfan sig og veröldina í kringum sig. Einhverfu fylgja líka áskoranir þar sem fræðsla og stuðningur skipta höfuðmáli.

Þegar þú styrkir Bláan apríl leggur þú börnum með einhverfu og fjölskyldum þeirra lið með ómetanlegum hætti.



BLÁR APRÍL
Styrktarfélag barna með einhverfu

Áhrifin kraftaverki líkust

Hvannarrótin frá ICEHERBS getur aukið lífsgæði með því að viðhalda heilbrigðri þvagblöðru og þvagrás ásamt því að bæta meltinguna. Varan er 100% hrein, náttúruleg og án óþarfra fylliefna.

Friðrik Guðmundsson vaknaði á hverri nóttu til að pissa þar til hann fór að nota hvannarrót.

„Ég var alltaf að vakna og það kom fyrir að ég lenti í smávægilegum þvagleka. Einhver benti mér á að fara í heilsuþúð til að fá eitthvað við þessu og þar var mér bent á hvannarrót. Ég var nú efins um þetta en ákvað samt að prófa og þetta reyndist vera lausnin fyrir mig,“ segir Friðrik. „Nú sef ég allar nætur og verð aldrei var við neinn þvagleka. Mér fannst breytingin alveg ótrúleg og það tók merkilega stuttan tíma, um viku eða tíu daga, fyrir vandamálið að hverfa alveg.

Þetta var eins og kraftaverk,“ segir Friðrik. „Ég er nú orðinn svolítið gamall og hélt að þetta væri bara aldurinn og hafði spurt lækni um þetta og hann sagði að þetta fylgdi aldrinum. Það hafði örugglega áhrif, en þetta leysti vandann. Ég nota hvannarrót enn þá og tek eina töflu á dag, en ekki á neinum ákveðnum tíma,“ segir Friðrik. „Ég hef ekki orðið var við neinar aukaverkanir eða neitt slíkt, ég losnaði bara við vandamálið.

Ég myndi hiklaust mæla með hvannarrót fyrir alla sem glíma við þetta vandamál. Ég hélt að það væri ekkert til við þessu og hafði prófað aðrar lausnir sem virkuðu ekki eins vel, þannig að þetta var bylting fyrir mig,“ segir Friðrik. „Ég vona að þetta geti hjálpað fleirum.“

Ég nota hvannarrót enn þá og tek eina töflu á dag, en ekki á neinum ákveðnum tíma,“ segir Friðrik. „Ég hef ekki orðið var við neinar aukaverkanir eða neitt slíkt, ég losnaði bara við vandamálið.

Hvannarrótin frá ICEHERBS Hvannarrót er úr íslenskri ætihvönn, sem heitir á latínu Ange-



Friðrik Guðmundsson segir að hvannarrót hafi hjálpað honum gríðarlega. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

lica archangelica. Ætihvönn hefur sterkar rætur sem búa yfir miklum krafti og rótin á plöntunni virðist vera virkari og hafa mun meiri örvandi áhrif en aðrir hlutar plöntunnar. Hvannarrótin frá ICEHERBS er þurrkuð og möluð hvannarrót í hylkjum úr jurta-beðmi, sem gerir vöruna 100% náttúrulega.

Ætihvönn er ein þekktasta nytja- og lækningajurtin sem notuð var á Íslandi og víðar í norðurálflu til forna, en hún vex aðallega á norðlægum slóðum eða

hátt til fjalla í Evrópu. Allir hlutar plöntunnar hafa verið nýttir í gegnum tíðina en rótin var einna mest notuð til lækninga þar sem styrkleikar hennar hafa alltaf verið vel þekktir.

Jurtin er þekkt fyrir að vinna gegn einkennum óvirktrar þvagblöðru og getur viðhaldið heilbrigðri þvagblöðru og þvagrás. Synt hefur verið fram á að notkun hvannar geti fækkað salernisferðum og þar með haft jákvæð áhrif á svefn og um leið bætt daglegt líf. Áhrif hvannarrótar eru margvísleg

og fyrir utan jákvæð áhrif hennar á þvagblöðru hefur hún lengi verið notuð við hvers kyns meltingarvandamálum, til að örva meltingu og draga úr uppþembu og lofti í maga. Dagleg inntaka hefur mikil jákvæð áhrif á líðan fólks.

Á seinni árum hafa svo verið gerðar miklar vísindalegar rannsóknir á virkni og efnainnihaldi ætihvannar sem hafa leitt í ljós að sú virkni sem kennd hefur verið við hvönnina í þúsundir ára er sannanleg og að ætihvönnin sé einkar virk og öflug jurtt.



Hrein náttúruafurð

Markmið ICEHERBS er að nýta náttúruauðlindir sem tengjast íslenskri hefð og sögu og vinna þær í hreinar, neytendavænar vörur fyrir viðskiptavinum.

„Við hjá ICEHERBS leggjum áherslu á að framleiða hrein og náttúruleg bætiefni sem byggja á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og notum engin óþörf fylliefni,“ segir Katrín Amni, framkvæmdastjóri Náttúrusmiðjunnar. „Við viljum að vörurnar okkar nýttist viðskiptavinum okkar, að virkni skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar efnanna viðhaldi sér að fullu.“

Hvannarrótin frá ICEHERBS fæst í öllum apótekum og heilsuvöruverslunum, Hagkaupum, Nettó og Fjarðarkaupum. Sjá nánar á iceherbs.is.



Jafnvel lítið magn af unnum kjötvörum skaðlegt

Neysla á unnum kjötvörum á borð við pylsur eykur líkurnar á hjartasjúkdómum og dauðsföllum umtalsvert. Þetta kom fram í nærri áratugarlangri rannsókn sem unnin var í McMaster-háskólanum í Kanada.

hjordiserna@frettabladid.is

Rannsóknin var nýverið birt í American Journal of Clinical Nutrition. Í umfjöllun vefsíðunnar Healthline kemur fram að sérfræðingar telji ástæðuna fyrir niðurstöðunum felast í óhöflegu magni salts, rotvarnarefna og fitu í unnum kjötvörum.

Jafngildi tveggja pylsna

Mahshid Dehghan, einn höfunda rannsóknarinnar, sagði niðurstöðurnar gefa til kynna að neysla á ekki nema 150 grömmum af unnu kjöti á viku auki líkurnar á hjartasjúkdómum um 46 prósent og líkur á dauðsfalli um 51 prósent samanborið við þau sem ekki neyti unninna kjötafurða. Þetta sé jafngildi tveggja pylsna á viku.

Dehghan telur skaðleg áhrif unninna kjötafurða ekki einungis stafa af miklu magni mettaðrar fitu eða kólesteróls þar sem svipað magn beggja sé að finna í önnrum kjötafurðum. Unnar kjötafurðir flokkast undir kjöt sem hefur verið reykt, saltað, grafið eða er með viðbættum rotvarnarefnum.

Umfangsmikil rannsókn

Í rannsókninni var mataræði og heilsufar 134,297 einstaklinga frá



21 landi skoðað yfir tæplega tíu ára tímabil. Fylgst var með kjötneyslu þátttakenda og tíðni hjartasjúkdóma. Samkvæmt Dehghan fólst helsta áskorun rannsóknarinnar í því að ekki var hægt að greina frá mismunandi eldunaraðferðum á milli landa. Það hafi hugsanlega haft einhver áhrif.

Unnar kjötvörur eru meðal annars taldar auka líkur á hjartasjúkdómum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Lisa K. Diewald, næringarfræðingur hjá MacDonalds-stofnuninni í Villanova-hjúkrunarháskólanum, segir rannsóknir af þessu tagi, svokallaðar athugunarrannsóknir (e. observational studies), gefa til kynna ákveðið samband eða tengsl milli þátta en geta ekki sagt til um beint orsakasamband.

Aukin neysla á afurðum úr jurtaríkinu er talin hafa í för með sér margs konar jákvæð heilsufarsleg áhrif. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Diewald segir athugunarrannsóknir þar sem skoðað er samband á milli mataræðis og heilsufarslegrar áhættu gjarnan byggðar á því að þátttakendur svari sjálfir spurningalistum þar sem spurt er að því hversu oft viðkomandi neyti matar. Þetta geti haft í för með sér skekkjuáhrif á niðurstöður rannsókna vegna þátttakenda sem ýmist ofmeta eða vanmeta það hversu oft þeir borða.

Hún bendir þá á að þetta hafi sennilega ekki mikil áhrif á þessa tilteknu rannsókn vegna stærðar hennar og umfangs. Enn fremur hafi þau sem unnu að rannsókninni verið vel þjálfuð í notkun spurningalista af þessu tagi sem geri niðurstöður rannsóknarinnar áreiðanlegri.

Rautt kjöt og krabbamein

Í umfjöllun Healthline er vísað til hjartalæknisins Johanna Contreras sem segir ljóst að mikil neysla á unnum kjötvörum hafi slæm áhrif á heilsuna.

Hún telur að það sé ekki síst vegna þess hve mikið salt sé að finna í þessum vörum sem hækki blóðþrýsting, valdi þyngdaraukningu og auki líkur á hjartasjúkdómum.

Þessi þrjú atriði, mikið saltmagn, mettuð fita og tilbúin rotvarnarefni auki líkur á dauðsföllum af völdum hjartasjúkdóma.

Þessar niðurstöður koma sennilega ekki mörgum á óvart en fleiri rannsóknir hafa leitt í ljós skaðsemi ákveðinna kjötafurða.

Árið 2015 gaf Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin það út að rautt kjöt væri að öllum líkindum krabbameinsvaldandi en það er talið auka líkur á krabbameini í ristli, brisi og blöðruhálskirtli ásamt því að auka líkur á hjartasjúkdómum.

Aðstandendur rannsóknarinnar hvetja fólk til þess að draga úr neyslu á unnum kjötvörum, gæta sín á mettaðri fitu og neyta meira af afurðum úr jurtaríkinu. Þó sé einnig mikilvægt að hafa í huga að unnar kjötlíkisafurðir geti líka innihaldið mikið magn salts, sykurs og rotvarnarefna.

„Besta ráðið sem ég get gefið er að forðast unnin matvæli almennt og reyna fremur að neyta náttúrulegs og lifræns matar; grænmetis, ávaxta og ómettaðrar fitu,“ segir Contreras.

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

NÝTT Í SÖLU

Tjarnarból 17

170 Seltjarnarnes

OPIÐ HÚS

miðvikudaginn 7. apríl

milli kl. 17.30 - 18.15

Falleg, vel skipulögð og mikið endurnýjuð 65 fm 3ja herbergja íbúð með sérinngangi

- Tvö herbergi
- Björt stofa með útgengi á timburvernd til suðurs
- 26,1 fermetra bílskúr
- Miklar endurbætur innan sem utan
- Ný gólfefni, eldhúsinnrétting og baðherbergi

Nánari upplýsingar:

Páll Þórólfsson

lögg. fasteignasali

Sími: 893 9929

pall@miklaborg.is

Verð: 49,9 millj.

MIKLABORG

569 7000 | Lágmuía 4 | miklaborg.is

Óskar R. Harðarson og Sigrún Guðmundsdóttir, löggjafarfasteignasalar

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Málara

REGNBOGALITIR.IS
Málningarþjónusta Við málum og spörslum hús og mannvirki innan sem utan. Við háþrýstipvöum, vatnsverjum og styrkjum steiningu og sjónsteypu. Við erum vandvirkir fagmenn með mikla reynslu. Sími 8919890 eða malara@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sígurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsaveiðhald

Rúnar Múrari ehf

S. 774 3800

Tröppuviðgerðir - Húsaveiðgerðir

- Pakmálun - Málningarvinna - o.m.fl.

<https://runarmurari.is>

Keypt & Selt

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Húsnæði í boði

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475

Atvinnuhúsnæði

Til leigu ca.70 fm gott iðnaðar/ geymslubíll með stórri hurð og bílalyftu við Dalveg í Kópavogi. Uppl. í síma 893 3475

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

Óska eftir starfsmanni vönum trésmíði. Uppl. í s. 763 8199.

Tilkynningar

Tilkynningar

WWW.YAAKOVSWELL.NET
Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is

907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

ÍSAFJARÐARBÆR

Auglýsing um tillögu að breytingum á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingartillagan snýr að því að stækka íbúðarsvæði Í6 (Holtahverfi) í vesturátt og ein ný lóð bætist við, Sunnuholt 5, sem stuðlar að þéttingu byggðar, en landbúnaðarsvæðið í landi Góustaða minnkar sem því nemur.

Breytingartillagan verður til sýnis á heimasíðu Ísafjarðarbæjar: www.isafjordur.is frá 8. apríl 2021 til 24. maí 2021.

Peim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til og með **mánudagsins 24. maí 2021.**

Skipulagsfulltrúi

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Þverárfjallsvegur í Refasveit og Skagastrandarvegur um Laxá

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitð liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitð og matsskýrslu Vegagerðarinnar er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.

Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Skipulagslýsingar fyrir nýjar deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík

Gufunes, samgöngutengingar

Á fundi borgarráðs 25. mars 2021 var lögð fram skipulagslýsing umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 19. mars 2021 fyrir nýtt deiliskipulag. Um er að ræða tæplega 20 hektara svæði og er markmið skipulagsins m.a. að festa inn á deiliskipulag bráðabirgðatengingar fyrir innanhverfisveg og stígatengingar frá Gufunesinu upp á Strandveg í Grafarvogi, ásamt því að tryggja góð tengsl við umhverfið með fyrirkomulagi stíga, gatna og opinna svæða. Hafa þarf í huga fyrirhugaða lega Sundabrautar við skipulagsvinnuna. Jafnframt verður Hallsteinsgarður og nærumhverfi fest í sessi inn á deiliskipulag.

Hólmsheiði 2. áfangi

Á fundi borgarráðs 18. mars 2021 var lögð fram skipulags- og matslýsing umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 26. febrúar 2021, þar sem gert er ráð fyrir að unnið verði deiliskipulag að athafnasvæði sem markast af Fjárborg til vesturs og Suðurlandsvegi til suðurs og fjarsvæðis vatnsverndar til austurs.

Lýsingarnar voru samþykktar til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskað er eftir að ábendingar/umsagnir berist eigi síðar en 5. maí 2021.

Lýsingarnar eru aðgengilegar á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is undir skipulag í kynningu.

Reykjavík 7. apríl 2021
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

FRÉTTA VAKTIN

kl. 18.30

Fréttumfjöllun fyrir alla í opinni dagskrá á virkum dögum á Hringbraut og frettabladid.is

HRINGBRAUT



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

HAGVANGUR
hagvangur.is



araven
HAPPIER SHOPPERS

Nýjung, nýjung

Innkaupavagnar með bakteríudrepandi handföngum

Araven eru fyrstu innkaupavagnarnir sem framleiddir eru með bakteríudrepandi handföngum.

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geirihf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Sýningarsalur Draghálsi 4 -
Sími: 535 1300 -
verslun@verslun.is

Lítið eknir árgerð 2020

NISSAN LEAF
TEKNA 40 kwh

VERÐ AÐEINS
3.880
ÞÚSUND stgr.

- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- App aðgangur
- 360°Myndavélakerfi
- Leðursæti
- Hiti í sætum og stýri
- Bosel hljóðkerfi
- ProPilot

Evrópubílar í ábyrgð
8 ára rafhlöðuábyrgð

Komið og reynsluakið
Skoðum með uppítöku á öllum tegundum bifreiða

Bílar í verksmiðjuábyrgð - Allt að 100% lánamöguleiki - Til í ýmsum litum - Góð endursala

586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík


kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017-2019 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptalaðið Keldan

STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

TÍMAMÓT



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Þorbjörg Valgeirsdóttir
(Dedda)

Snælandi 4, Reykjavík,

lést 20. mars á hjúkrunarheimili
Hrafnistu, Skógarbæ.

Útförin hefur farið fram. Þökkum auðsýnda samúð.
Sérstakar þakkir og hlýhug sendum við starfsfólki
Foldarbæjar og Skógarbæjar fyrir alúð og umhyggju
í hennar garð.

Garðar Hilmarsson
Ólöf Kristín Ólafsdóttir
Ása Ólafsdóttir

Sigríður Benediktsdóttir
Sævar Benediktsson
Ólafur Örn Ólafsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Kristján Steinsson

Árskógum 6,
Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Skógarbæ þann
23. mars sl. Útför hans hefur farið fram í
kyrrþey að ósk hins látna. Fjölskyldan þakkar starfsfólki
Skógarbæjar fyrir alúð og umhyggju í hans garð.
Þökkum einnig auðsýnda vinsemið og samúð.

Vaka Kristjánsdóttir
Ragnhildur Kristjánsdóttir

Sigurður Bjarnason
Pierre Zuyten

Bjarnpór Sigurðarson
Sigurbjörg Sigurðardóttir
Hjalti Gautur Hjartarson
Pétur Gautur Hjartarson
Atli Gautur Hjartarson
og langafabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Sigrún Steingrimsdóttir

Sléttuvegi 25,

lést föstudaginn 26. mars.
Útförin fer fram frá Seljakirkju
fimmtudaginn 8. apríl kl. 13.00.

Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánustu aðstandendur
viðstaddir en útförinni verður streymt á streyma.is

Fyrir hönd aðstandenda,

Jónína B. Grétarsdóttir
Hannes Svanur Grétarsson
Ingvar Grétarsson
Margrét Grétarsdóttir

Þóroddur Sveinsson
Helga Marta Helgadóttir
Vigdís Þórisdóttir
Guðjón Guðjónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynning frá Kirkju- gördum Reykjavíkur- prófastsdæma (KGRP)



Samningsbundin stytting vinnuvikunnar, úr 40
tímum í 36 tíma, tók gildi hjá KGRP eins og
mörgum öðrum fyrirtækjum í ársbyrjun 2021.

Frá og með föstudeginum 9. apríl munu starfsmenn
KGRP ljúka vinnudegi kl. 12:00 á hádegi og verður
það fyrirkomulag áfram á föstudögum.

Þetta fyrirkomulag hefur lítil sem engin áhrif á
útfarartímana sem verða áfram kl. 11:00; 13:00
og 15:00 alla virka daga, einnig á föstudögum.

Það sem breytist á föstudögum er þetta:

- Ekki verður hægt að bóka útför í athafnarýmum
hjá KGRP í Fossvogi.
- Ekki verður tekið á móti kistum til jarðsetningar
á föstudögum.

Tekið verður á móti duftkerum til jarðsetningar til
11:30 á föstudagsmorgnum og athafnarými verða
opin fyrir kistulagningarbæniir til kl. 11:00.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 585 2700
og á slóðinni: kirkjugardar.is/fostudagur

Litið til liðinnar aldar

Myndir frá fyrri hluta síðustu aldar af húsum, fólki og hátíðarhöldum á Eyrarbakka
eru til sýnis í borðstofu Hússins á Bakkanum – eftir Sigurð Kristjánsson kaupmann.

Sýningin gefur einstakt sjónar-
horn á byggingar og mannlíf á
Eyrarbakka um og fyrir miðja
20. öld,“ segir Lýður Pálsson,
safnstjóri á Eyrarbakka, um
myndasýningu þá sem nýlega
var opnuð í borðstofu Hússins.

Myndirnar voru teknar af Sigurði
Kristjánssyni kaupmanni á Eyrarbakka.
Hann var fæddur 1896 og eignaðist
plötumyndavél um 1910, þegar hann
var um fermingaraldur, og síðar filmu-
myndavél, að sögn Lýðs sem segir mörg
húsanna á myndunum horfin nú. „Það
var ekki fyrr en um 1980 sem augu
fólks opnuðust fyrir því að gömul hús
gætu talist menningarverðmæti. En
Sigurður tók líka myndir af ýmsu öðru.
Á sýningunni eru til dæmis myndir frá
18. júní 1944, þegar haldið var upp á
stofnun íslenska lýðveldisins og 17. júní
hátíðahöldum um 1960, það eru yngstu
myndirnar.“

Það er Jón Sigurðsson, sonur Sigurðar,
sem hefur varðveitt ljósmyndirnar, að
sögn Lýðs. „Það er meira til og vel gæti
farið svo að síðar yrði önnur sýning,“
segir hann. „En þessi verður opin út
maí.“ gun@frettabladid.is



Lýður tekur fram að aðeins tíu manns megi vera í borðstofu Hússins í einu. MYND/ADSEND



Aðgerðarplan við fjöruna á Eyrarbakka. MYND/SIGURÐUR KRISTJÁNSSON



Útför okkar kæru

Sigríðar Benediktsdóttir

frá Efra-Núpi,
Miðfirði, V.-Hún.,

fer fram frá Bústaðakirkju
föstudaginn 9. apríl, kl. 13.

Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánustu
aðstandendur og vinir viðstaddir. Athöfninni verður
streymt á vefnum: mbl.is/andlat undir liðnum:
Beinar útsendingar frá útförum.

Aðstandendur



Ástkær eiginkona, móðir,
tengdamóðir og amma,

María Jóna Hreinsdóttir

Vesturfold 9, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk
fimmtudaginn 1. apríl.

Útförin fer fram í Grafarvogskirkju 8. apríl.
Vegna aðstæðna í samfélaginu verður athöfninni streymt
á YouTube-síðu Grafarvogskirkju. Sérstakar þakkir fær
starfsfólkið á Mörk fyrir frábæra umönnun.

Rosario Russo

María Russo
Giuseppe Russo
Þóra Hreinsdóttir
Bryndís Hreinsdóttir Cawley
Íris Hreinsdóttir

Anna Lilja Elvarsdóttir

og fjölskyldur.



Ástkær eiginkona, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

Ketilríður Benediktsdóttir

frá Efra-Núpi, Miðfirði, V.-Hún.,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjólí
fimmtudag 1. apríl.

Sigbjörn Hamar Pálsson

Hjörtur Lindal Jóhannsson
Benedikt Lindal Jóhannsson

Ólína Ingibjörg
Jóhannesdóttir

Ingunn Sara Sigbjörnsdóttir
Sólrún Sigríður Sigbjörnsdóttir

Brian S. Campbell
barnabörn og barnabarnabarn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

Birna Berg Bernódusdóttir

Miðvangi 51, Hafnarfirði,

lést miðvikudaginn 31. mars 2021.

Útför hennar fer fram frá
Viðistaðakirkju föstudaginn 9. apríl
kl. 11 f.h. Vegna sóttvarnareglna geta aðeins nánustu
aðstandendur verið viðstaddir athöfnina en henni verður
streymt á <https://youtu.be/-n0o7cFtL4g>
og víðistadakirkja.is

Theodór Þ. Bogason

Margrét Berg Theodórsdóttir
Björn Berg Theodórsson
Práinn Berg Theodórsson

Haraldur Stefánsson
Karen Bryde
Björg Leifsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku systir okkar,

Helga Thorsteinsson

Þórðarsveig 1,

andaðist 26. mars.

Útförin fer fram í Fossvogskirkju,
fimmtudaginn 8. apríl kl. 13.

Í ljósi aðstæðna verður aðeins nánasta
fjölskylda viðstödd. Streymt verður frá athöfninni á
vefnum: <https://youtu.be/XUrekRbV9Po>

Ásthildur Thorsteinsson
Margrét Thorsteinsson
Steinar Gunnbjörnsson
Gyða Thorsteinsson
Rósa Thorsteinsson

Gunnar Bjarnason

Puríður Snorraddóttir



DROTTNINGAR Í REKKJUNNI

20% AFSLÁTTUR

BJÓÐUM VALIN STILLANLEG HEILSURÚM
NÚ MEÐ 25-35% AFSLÆTTI



LAYLA 160 CM HEILSURÚM

 20% AFSLÁTTUR

VERÐ 179.880 KR

VERÐ ÁÐUR 223.600 KR

Innifalið í verði.

Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld,
5 svæða skipt pokagormakerfi, styrktir
kanntar, toppur sem gefur góða aðlögun.

ALEXA 160 CM HEILSURÚM

 20% AFSLÁTTUR

VERÐ 217.920 KR

VERÐ ÁÐUR 272.400 KR

Innifalið í verði.

Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld,
tvöfalt 5 svæða skipt pokagormakerfi,
styrktir kanntar, toppur sem gefur góða
þyngdardreyfing, þrýstijöfnun og aðlögun.

COMO STILLANLEGUR
HÆGINDASTÓLL
20% AFSLÁTTUR



VERÐ 39.920 KR
VERÐ ÁÐUR 49.900 KR
3 LITIR

KOMDU NÚNA, SKOÐAÐU
OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

WWW.REKKJAN.IS

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík

-2 | 8

°C | K

Ísafjörður

-1 | 6

°C | K

Akureyri

-3 | 3

°C | K

Egilsstaðir

-3 | 3

°C | K

Kirkjubæjarkl

-1 | 1

°C | K

Hveravellir

-8 | 7

°C | K

Hægt vaxandi austlæg átt í dag, 10-15 í kvöld, en norðaustan 15-20 NV-til. Snjókoma eða el og frost 1 til 9 stig, en nálægt frostmarki við SV-ströndina.

Fimmtudagur

Reykjavík

-3 | 10

°C | K

Ísafjörður

-5 | 11

°C | K

Akureyri

-3 | 12

°C | K

Egilsstaðir

-4 | 12

°C | K

Kirkjubæjarkl

-1 | 7

°C | K

Hveravellir

-10 | 16

°C | K

Föstudagur

Reykjavík

-2 | 4

°C | K

Ísafjörður

-3 | 1

°C | K

Akureyri

-2 | 3

°C | K

Egilsstaðir

-3 | 8

°C | K

Kirkjubæjarkl

-2 | 12

°C | K

Hveravellir

-9 | 9

°C | K

LÉTT

			2		6	4	8	
	4			1	3	5		6
					7	1	2	
4	1			8		9		5
		3	5					
8	9		6		1			
	3	8	1				6	
9	2							
				3	8	2		

MIDLUNGS

4								6
		9	2	1				
1		8	3		6		5	9
6	5			7			8	
			9		3	4		
		3	1					
	7							2
2		4					9	
		5			4	1		

PUNG

	5	6		9				1
		1			4			7
				1		7	3	2
		4	2			8		
	6	3		5			1	
							7	
1		6	8					
		2		4		3	6	

Krossgáta

LÁRÉTT

1 skaut
5 skemmd
6 tveir eins
8 þolanlega
10 átt
11 vegsemd
12 gas
13 jurt
15 dvín
17 heiðra

LÓÐRÉTT

1 limir
2 erindi
3 fiskur
4 sneiða
7 klastra
9 döggvun
12 hærri
14 nagg
16 flan

1	2	3		4	
5				6	7
8					
10			9		
			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 stáss, 5 kal, 6 kkl, 8 alívef, 10 na, 11 klandra, 9 væting, 12 efrí, 14 ryl, 16 an.
LÓÐRÉTT: 1 skankar, 2 tala, 3 all, 4 skera, 7 æra, 12 etan, 13 arfi, 15 rýmar, 17 tígna.

Skák Gunnar Björnsson

Plachetka átti leik gegn Psahis í París árið 1989.

1. Hxg7! Hxg7 2. Hxg7 Kxg7 3. Dxh6+ Kf7 4. Bg5! (ekki 4. Rg5+ Ke7 5. Dg7+ Hf7! 6. Rxf7 Df8!). 4...Bh7 5. Bxf6 1-0. Róbert Lagerman vann Páskamót Vinaskákléagsins sem fram fer á netinu á annan í dag páska. Skráningu í a-flokk (1.000-1.400 stig) EM áhuga-manna í skák lýkur á morgun.

Hvítur á leik

www.skak.is: Nýjustu skák-fréttir.

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLISKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns

ÞJÓRNSEBAKARI

Simi: 561 1433

www.bjornsbakari.is

Pessa vöru þarf að sérpanta. S. 561 1433 Netfang: bjornsbakari@bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga
laugardaga
sunnudaga

7.30 - 17.30
8.00 - 16.00
9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Bjargey við myndskleiðið sem varpað er á vegg safnsins. MYND/BJARGEY ÓLAFSDÓTTIR

Þetta er kannski dálítið eins og að vera í móðurkviði

Bjargey Ólafsdóttir sýnir verk í Listasafni Árnesinga. Þar eru hundar í forgrunni og hundahrotur heyrast þegar gengið er inn í safnið. Listakonan hefur stofnað eigin bókaútgáfu.



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

STUNDUM VERÐUR MAÐUR AÐ TREYSTA UNDIRMEÐVITUNDINNI, LEIKNUM OG TILRAUNAMENNSKUNNI.

Rófurass er yfirskrift sýningar Bjargeyjar Ólafsdóttur í Listasafni Árnesinga, Hveragerði. Bjargey lærði ljósmyndun, málalist og blandaða tækni í Listaháskóla Íslands og Listaakadéminni í Helsinki, og handritsgerð og leikstjórn í Binger Filmlab í Amsterdam. Hún vinnur í fjölbreyttum miðlum og hefur gert nokkrar kvikmyndir. Hún hefur sýnt verk sín víða um lönd.

Sýning hennar í Listasafni Árnesinga samanstendur af teikningum, ljósmyndum, skúlpúr, kvikmyndum, málverkum og hljóðverkum þar sem hundar eru í aðalhlutverki. Sýningarstjóri er Jonatan Habib Engqvist.

Gestir sem ganga inn í salinn heyra einkennilegt hljóð og listakonan upplýsir að þarna sé um að ræða hundshrotur. „Á sínum tíma var ég fengin til að gera verk fyrir danska þjóðlistasafnið og þá gerði ég þetta hundshrotuverk. Hugmyndina fékk ég þegar ég las viðtal við ljósmyndarann og ofurfyrirsætuna Helenu Christensen, þar sem hún sagði frá því að þegar hún væri á ferðalögum og væri stressuð eða kvíðin og gæti ekki sofði þá hlustaði hún á upptökur af hrotum hundsins síns, honum Kuma. Á þessum tíma bjó ég með litla hundinum Wookie sem hraut hástöfum. Ég tók upp hrotunar í honum sem drundu síðan um danska þjóðlistasafnið og nú um Listasafn Árnesinga.“

Málverk sem glóa í myrkri
Meðal verka á sýningunni eru risamálverk sem glóa í myrkri og tímastilltir kastarar eru notaðir til að lýsa upp ljósmyndaverkin, teikningarnar og skúlpúrana. Þannig

breytist lýsingin í rýminu reglulega, úr rökkri í birtu. Þetta skapar sérstakt andrúmsloft. „Kannski er þetta dálítið eins og að vera inni í móðurkviði,“ segir Bjargey.

Myndskeið sem Bjargey tók á 16 millimetra filmu er varpað á vegg safnsins og sýnir stóran hvítan Síberíuhund af Samójed kyni. „Ég tók þetta myndskleiði í Ríga af Síberíuhundinum Loya sem lítur nánast út eins og ísbjörn. Ég notaði gamla rússneska vél og það var smá flækja inni í henni sem varð til þess að myndin verður nánast eins og tvöföld og virkar svolítið draugaleg,“ segir Bjargey. Ljósmyndir af fleiri hundum í Ríga eru á sýningunni og teikningar Bjargeyjar sýna hunda og í sumum tilvikum menn og þar er nánast eins og maður og hundur renni saman í eitt.

Fá að teikna eigin hund
Spurð um hundaáhuga sinn segir Bjargey: „Ég ætlaði ekki endilega að halda hundasýningu en uppgötvadi svo þessa hundaþráhyggju mína. Stundum verður maður að treysta undirmeðvitundinni, leiknum og tilraunamennskunni. Það er mikilvægt að listamenn hafi nægt rými til þess. Maður verður að trú á töfrana.“

Það kemur ekki á óvart að börn hafa einstaklega gaman af þessari sýningu Bjargeyjar. Í listasafninu gefst þeim kostur á að skoða bækur um hunda og fá að teikna sína eigin hunda. Hluti þessara mynda barnanna er til sýnis í Bókasafni Hveragerðis.

Eigin útgáfa
Í tengslum við sýninguna kemur út



Skúlpúr af hundi. MYND/ADSEND



Manneskja og hundur renna saman.

bók með verkum Bjargeyjar á sýningunni. „Hún kemur út á vegum VOID, sem er virt bókaútgáfa í Aþenu sem gefur út ljósmyndabækur. Þetta er fyrsta bókinn sem er gefin út af þeim sem er ekki einungis með ljósmyndum,“ segir Bjargey. „Í kjölfarið hef ég stofnað eigin útgáfu, Gersemi, með João Linneu forleggjara og grafískum hönnuði VOID, sem er að flytja til Íslands. Rófurassbókin er í raun samstarfsverkefni VOID og Gersemar. Eins bjuggum við til sérstakt bókverk, það er að segja viðhafnarútgáfu, sem samanstendur af kassa með bókinni og tveimur aukabókum: flettibók og lítilli sögu með teikningum. Ég er með aðra bók í bígerð og í henni verða ljósmyndir eftir mig.“

Vatnsdropinn fær 32 milljóna króna styrk úr Erasmus

Vatnsdropinn, nýtt alþjóðlegt menningar- og náttúruvísindaverkefni sem Kópavogsbær á frumkvæði að, hlaut nýverið 32 milljóna króna styrk úr Erasmus+. Alls hefur Vatnsdropinn því hlotið 64 milljóna króna styrktarfé.

Vatnsdropinn er umfangsmikið samstarfsverkefni Menningarhúsanna í Kópavogi, Múminálfasafnsins í Finnlandi, Ilon's Wonderland í Eistlandi og H.C. Andersen-safnsins í Danmörku. Meginþráður Vatnsdropans er að tengja saman boðskap og gildi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna við sígild verk barnabókahöfundanna Tove Jansson, höfundar Múminálfanna, Astrid Lindgren og H. C. Andersen.

Eitt af markmiðunum með Vatnsdropanum er að nýta efnivið heimsmarkmiðanna og skáldverkanna til að þróa nýja aðferðafræði við gerð fræðsluefnis fyrir börn sem heimsækja söfn. Afrakstur verkefnisins mun einnig birtast í vinnustofum, námskeiðum og sýningahaldi undir stjórn barna.

Á Barnamenningarhátíð í Kópavogi 2021 verður viðburðadagskrá tengd Vatnsdropanum. Fyrsta sýning undir merkjum Vatnsdropans verður svo opnuð í júní 2021 í Gerðarsafni á Alþjóðlegum degi umhverfis og eru það börn á aldrinum níu til tólf ára frá samstarfslöndunum fjórum sem styra sýningunni, undir sýningarstjórn Chus Martínez, listfræðings og sýningarstjóra, og fagfólks í hverju landi fyrir sig.



Ævintýraskáldið H.C. Andersen.



Hin ástsæla Astrid Lindgren.

Viveca Sten á toppnum

Í leyndri gróf eftir Vivecu Sten er í fyrsta sæti á Metsölulista Eymundsson, þar á eftir er Ládeyða eftir Ann Cleaves og Stríð og kliður eftir Sverri Norland er í þriðja sæti.

Í fjórða sæti er Bókasafnsráðgátan, en það er ný bók í hinum geysivinsæla ráðgátubókaflokki eftir Martin Widmark.

Spænska veikin eftir Gunnar Þór Bjarnason seldist upp fyrir jól en er nú komin út í kilju og er í fimmta sæti listans.



ÁRSFUNDUR LISTAHÁSKÓLANS 2021

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS BOÐAR TIL ÁRSFUNDAR MIÐVIKUDAGINN 21. APRÍL KL. 16:00

Á fundinum kynna stjórnendur skólans starfsemi hans og rekstur. Fyrirspurnir og umræður.

Fundurinn verður haldinn í gegnum fjarfundabúnað.

Vinsamlega skráið þátttöku með því að senda póst á lhi@lhi.is. Fundurinn er öllum opin.

Stjórn Listaháskóla Íslands

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

HRINGBRAUT

- 18.30** Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00** Lifið er lag Þáttur um mál-efni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri árunna. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
- 19.30** 433.is (e) Frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
- 20.00** Hin rámu regindjúp Fræðsluþættir úr smiðju Jóns Hermannssonar og Guðmundar E. Sigvaldasonar um eldvirknina undir fótum okkar.
- 20.30** Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 21.00** Markaðurinn Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 21.30** Saga og samfélag Í þættinum verða málefni liðandi stundar rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

- 09.00** KrakkaRÚV
- 09.01** Heimavist - MenntaRÚV
- 11.00** Heimaleikfimi
- 11.10** Kastljós
- 11.25** Menningin
- 11.35** Vikan með Gísla Marteini 2015 - 2016
- 12.20** Poppkorn 1987
- 12.50** Framapot
- 13.15** Opnun Hrafnhildur Arnardóttir og Ingólfur Arnarsson.
- 13.50** Þú ert hér Einar Örn Benediktsson.
- 14.15** Með okkar augum
- 14.40** Fjársjóður framtíðar Eldgos.
- 15.10** Okkar á milli Kristín Jónsdóttir.
- 15.40** Í leit að fullkomnun
- 16.10** Gleðin í garðinum
- 16.40** Músikmolar
- 16.50** Löwander-fjölskyldan
- 17.50** Tákn málsfréttir
- 18.00** KrakkaRÚV
- 18.01** Kúlugúbbarnir
- 18.24** Hæ Samur
- 18.31** Klingjur
- 18.42** Sara og Önd
- 18.50** Krakkafréttir
- 18.54** Vikinglöttó
- 19.00** Fréttir
- 19.25** Íþróttir
- 19.30** Veður
- 19.35** Kastljós
- 19.50** Menningin
- 20.00** Leyndarmálið Ný íslensk heimildarmynd eftir Björn B. Björnsson. Árið 1973 fór fram lögreglurannsókn á hver hefði stolið einu verðmætasta umslagi í heimi frá Kíðjabergi í Grímsnesi. Þetta umslag, sem er með mörgum sjaldgæfum frimerkjum, er kallað Biblíuberfið, en sænskur greifi er eigandi þess í dag.
- 21.00** Óperuminning
- 21.10** Ógn og skelfing The Terror
- 22.00** Tíufréttir
- 22.15** Veður
- 22.20** Biðin The Wait
- 23.20** Óvæntur arfur Arvinge okänd
- 00.20** Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

- 09.55** PGA Special. This is MacKenzie Tour
- 10.15** Masters Útsending frá 2020 Augusta Masters.
- 15.35** 2021 PGA Tour Champions Learning Center
- 16.00** Masters 2021 Bein útsending frá Masters mótinu 2021.
- 18.00** PGA Highlights 2021
- 18.55** PGA Tour 2021 Útsending frá Valero Texas Open.

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00** Síminn + Spotify
- 13.00** Dr. Phil
- 13.45** The Late Late Show
- 14.30** Single Parents
- 14.55** Með Loga
- 15.35** 90210
- 17.00** The King of Queens
- 17.20** Everybody Loves Raymond
- 17.45** Dr. Phil
- 18.30** The Late Late Show
- 19.15** Will and Grace
- 19.40** American Housewife
- 20.10** George Clarke's Old House, New Home
- 21.00** Chicago Med
- 21.50** Station 19
- 22.35** Queen of the South
- 23.20** The Late Late Show
- 00.05** The Resident
- 00.50** Ray Donovan
- 01.40** 9-1-1
- 02.25** Fargo
- 03.15** The Walking Dead
- 04.00** Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

- 06.45** Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50** Morgunvaktin
- 07.00** Fréttir
- 07.30** Fréttayfirlit
- 08.00** Morgunfréttir
- 08.30** Fréttayfirlit
- 09.00** Fréttir
- 09.05** Segðu mér
- 09.45** Morgunleikfimi
- 10.00** Fréttir
- 10.03** Veðurfregnir
- 10.13** Á reki með KK
- 11.00** Fréttir
- 11.03** Mannlegi þátturinn
- 12.00** Fréttir
- 12.03** Hádegðið
- 12.20** Hádegisfréttir
- 12.42** Hádegðið seinni hluti
- 13.00** Dánarfregnir
- 13.02** Samfélagið
- 14.00** Fréttir
- 14.03** Tónlist frá A til Ö
- 15.00** Fréttir
- 15.03** Svona er þetta
- 16.00** Siðdegisfréttir
- 16.05** Viðsjá
- 17.00** Fréttir
- 17.03** Lestin
- 18.00** Spegillinn
- 18.30** Hlustaðu nú!
- 18.50** Veðurfregnir
- 18.53** Dánarfregnir
- 19.00** Endurómur úr Evrópu
- 20.35** Mannlegi þátturinn
- 21.40** Kvöldsgagan. Eyrbyggja saga (9 af 26)
- 22.00** Fréttir
- 22.05** Veðurfregnir
- 22.10** Samfélagið
- 23.05** Lestin
- 00.00** Fréttir
- 00.05** Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

- 10.15** Share
- 11.40** Ocean's Eleven
- 13.35** Lucy in the Sky
- 15.35** Share
- 17.00** Ocean's Eleven
- 18.55** Lucy in the Sky
- 21.00** Replicas Hörkuspennandi vísindaskáldskapur frá 2019 með Keanu Reeves í aðalhlutverki. William Foster er vísindamaður sem ásamt félaga sínum Ed Whittle hefur þróað aðferð til að færa minni látinna einstaklinga yfir í vélmenni.
- 22.45** Between Two Worlds
- 00.20** Captive State Spennutryllir frá 2019. Í tiltölulega náinni framtíð hafa dularfullar „geimverur“ tekið völdin á Jörðu og fengið margt fólk í lið með sér. Á móti kemur að þeir eru líka margir sem geta ekki sætt sig við þetta.
- 02.05** Replicas

STÖÐ 2

- 08.00** Heimsókn
- 08.15** Veronica Mars
- 09.05** Bold and the Beautiful
- 09.25** The O.C.
- 10.05** Feðgar á ferð
- 10.30** Masterchef USA
- 11.10** Margra barna mæður
- 11.40** Flirty Dancing
- 12.35** Nágrannar
- 12.55** Ísbíltúr með mömmu
- 13.20** Ice On Fire
- 14.55** Divorce
- 15.20** Lodgers For Codgers
- 16.10** Gulli byggir
- 16.45** Lóa Pind. Örir íslendingar
- 17.35** Bold and the Beautiful
- 18.00** Nágrannar
- 18.26** Veður
- 18.30** Fréttir Stöðvar 2
- 18.50** Sportpakinn
- 18.55** Ísland í dag
- 19.05** Vikingalöttó
- 19.10** Heimsókn
- 19.35** Tiny Lives
- 20.40** Grey's Anatomy
- 21.25** A Teacher
- 21.55** Sex and the City
- 22.30** Succession
- 23.30** The Blacklist
- 00.15** NCIS. New Orleans
- 00.55** Animal Kingdom
- 01.40** Veronica Mars
- 02.20** The O.C.
- 03.05** Masterchef USA

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

- 08.00** Barnaefni
- 20.00** Friends
- 20.20** Friends
- 20.45** The Office
- 21.10** Flash 7
- 21.55** Our Girl
- 22.50** Gasmamman
- 23.40** Svínasúpan
- 00.00** Friends
- 00.25** Friends
- 00.45** The Office

STÖÐ 2 SPORT

- 09.00** Keflavík - Snæfell 2005
- 09.35** Haukar - Snæfell Útsending frá oddaleik í Dominos deild kvenna árið 2016.
- 11.00** Breiðablik - Haukar Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
- 12.25** KF Nörd
- 13.05** Valur - Fjölnir Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
- 14.30** Dominos Kórufuboltakvöld - kvenna
- 15.05** Manstu 2
- 15.40** Bestir í boltanum. Brooklyn
- 16.40** Grótta - Valur Útsending frá leik í Olís deild karla.
- 18.00** Haukar - Fram
- 19.15** Stjarnan - ÍBV
- 20.40** Afturelding - FH
- 22.00** Seinni bylgjan - karla
- 23.20** Goðsagnir - Pétur Ormslev

STÖÐ 2 SPORT 2

- 09.15** Meistaradeildarmörkin
- 09.45** Peterborough - Sunderland
- 11.30** Elche - Real Betis
- 13.10** Football League Show
- 13.35** Real Madrid - Liverpool
- 15.15** Manchester City - Dortmund
- 16.55** The Fifth Quarter Ítarleg umfjöllun um leikina í ACB spænsku úrvalsdeildinni í kórufubolta.
- 17.10** El Clasico. The Movie
- 18.15** Meistaradeildin - upphitun
- 18.50** Porto - Chelsea Bein útsending frá leik og í Meistaradeild Evrópu.
- 21.00** Meistaradeildarmörkin
- 21.30** La Liga World
- 22.00** Juventus - Napoli
- 23.40** Inter Milan - Sassuolo

VERTU
VAKANDI
Í FYRSTA
SKIPTI
Á ÆVINNI

Komdu til okkar og prófaðu einstök gæði Hästens rúmanna. Starfsfólk okkar er tilbúið að aðstoða þig og veita frekari upplýsingar.



Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni. Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið. Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn. Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

Hästens 
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
FAXAFENI 5, REYKJAVÍK
588 8477

**Betra
BAK**



FYRSTA RISAMÓT ÁRSINS Í BEINNI Á STÖÐ 2 GOLF

 *MASTERS*

8.-11. APRÍL



Tryggðu þér áskrift á **stod2.is**

KEEP

Keep sófarnir fást 2ja, 2,5 og 3ja sæta og kallast á við klassíska skandinavíska hefð. Koníakslitt bonded leður og fætur eru svartir úr sterkum málm.

2ja sæta, stærð: 163 x 86 x 60 cm

167.992 kr. ~~209.990 kr.~~

2,5 sæta, stærð: 207 x 86 x 60 cm

183.992 kr. ~~229.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 237 x 86 x 60 cm

191.992 kr. ~~239.990 kr.~~



Mögnuð saga dýrasta bréfs Íslandssögunnar

Myndin Leyndarmálið eftir **Björn Björnsson** er frumsýnd í kvöld. Hugmyndin að henni fæddist þegar tengdafaðir hans, Haraldur, upplýsti Björn um leyndarmál dýrustu frímerkja Íslandssögunnar.

Heimildarmyndin Leyndarmálið verður frumsýnd á RÚV í kvöld en í henni fylgjum við uppruna og síðar örlögum einstakra, íslenskra frímerkja sem eru metin á hátt í tvö hundruð milljónir króna. Myndin er gerð af Birni Björnssyni, en í henni er saga hins merkilega Biblíubrúfs skoðuð með dyggri hjálp tengdafaður hans, Haraldar Sæmundssonar. Eflaust tengja margir ekki frímerkjasöfnun við þá spennandi og mögnuðu sögu sem sögð er í Leyndarmálinu, en í myndinni er hulunni loks svipt af því hver seldi upphaflega Biblíubrúfið árið 1972. RÚV lýsti bréfinu sem dýrasta bréfi Íslandssögunnar í frétt sinni árið 2018, þegar núverandi eigandi bréfsins, sænski greifinn Douglas Storckenfeldt, lánaði það á frímerkjasýningu hér á landi.

Þagði í hálfa öld

„Fyrir tveimur árum síðan fór ég með tengdapabba mínum, Harald, til Suðaustur-Asíu og vorum við þar í sjö vikur, til að halda upp á níræðisafmæli hans. Það er sem sagt í þessari ferð sem hann segir mér leyndarmál sem hann hefur þagað yfir í um hálfa öld, sem ég geri síðan heimildarmyndina um,“ segir Björn.

Haraldur var frímerkjakaupmaður í Reykjavík og rak Frímerkjamíðstöðina við Skólavörðustíg.

„Á hans fjörur rak þetta bréf sem kallast Biblíubrúfið, sem er ekki bara dýrasti póstsögungripur Íslands heldur sá langdýrasti. Það er enginn sem kemst neitt nálægt því, enda meðal dýrustu frímerkjagripa í heimi. Það er erfitt að meta nákvæmt verð þar sem það hefur alltaf verið boðið upp á uppboðum, og svo er það keypt af umboðsmönnum kaupenda sem koma ekki fram undir nafni.“

Það var árið 1973 sem bréfið komst fyrst í almannavitund þegar það birtist á uppboði í Þýskalandi.

„Ættingjar þess sem bréfið er stílað á, Þorsteins Jónssonar sýslumanns á Kiðjabelgi, kröfðust þess að fá bréfið til baka. Það hafði verið stílað á þeirra ættaróðal og þau vildu meina að bréfinu hlyti að hafa verið stolið. Þá var gerð tilraun til að stoppa uppboðið með hjálp Interpol.“

Það tókst ekki og bréfið var selt.

Nafnið uppspuni

„Bón íslenskra yfirvalda um að fá að sannreyna hvort réttmætur eigandi sé að selja bréfið gengur því ekki eftir. Enginn vissi hver seljandinn eða kaupandinn var og héldu margir að það myndi hverfa fyrir fullt og allt, þar til bréfið birtist á öðru uppboði. Þar er það aftur selt nafnlausum manni. Við vitum þó hver núverandi eigandi bréfsins er, greifinn Douglas Storckenfeldt. Hann er frímerkjasafnari og á til dæmis langstærsta safn íslenskra frímerkja í veröldinni,“ útskýrir Björn, en Douglas sýnir bréfið á frímerkjasýningum víðs vegar um heiminn.

Sagan segir að bréfið hafi fundist inni í gamalli biblíu og því náð að varðveitast eins vel og raun ber vitni. Í myndinni er útskýrt að raunin sé önnur.



Björn Björnsson gerir einstakri sögu Biblíubrúfsins góð skil í Leyndarmálinu. Tónlistin í myndinni er eftir Lay Low. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

Á HANS FJÖRUR RAK ÞETTA BRÉF SEM KALLAST BIBLÍUBRÚFIÐ, SEM ER EKKI BARA DÝRASTI PÓSTSÖGUNGRIPUR ÍSLANDS HELDUR SÁ LANGDÝRASTI. ÞAÐ ER ENGINN SEM KEMST NEITT NÁLÆGT ÞVI, ENDA MEÐAL DÝRUSTU FRÍMERKJAGRIPA Í HEIMI.

„Tengdapabbi og Magni, sem átti með honum búðina, ákváðu þetta nafn. Það hafði komið til þeirra maður sem vildi verðmeta gamla peningaseðla, þeir höfðu verið geymdir inni í gamalli Biblíu og því vel varðveittir líkt og bréfið. Þeim þótti sagan svo góð og fóru að kalla þetta Biblíubrúfið, hún er tilbúningur sú saga. Bréfið fannst því ekki í Biblíu,“ segir Björn.

Frímerkinn á bréfinu voru gefin út í skamman tíma. Bréfið þykir einnig einstakt fyrir þær sakir að á því eru 23 frímerki, en það er afar sjaldgæft að svo mörg verðmæt frímerki finnist á einu og sama bréfinu.

„Ástæðan fyrir því að svo mörg frímerki voru á bréfinu er að verið var að senda Þorsteini nýja samnoræna mynt sem hafði sama verðgildi í Svíþjóð, Noregi og Danmörku, en á þessum tíma var Ísland undir stjórn Dana. Þannig að þetta var þungur böggull en líka verðmætur, sem útskýrir fjölda frímerkjanna.“

Hulunni svipt af

Hingað til hefur verið talið að bréfið hafi verið sent árið 1875 eða 1876.

„En í myndinni kemur í ljós að það er ekki rétt.“

En hvert er hið stóra leyndarmál sem fram kemur í myndinni?

„Tengdafaðir minn segir mér frá því hver átti upphaflega þetta bréf. Sá sendi til hans lögfræðing með bréfið árið 1972, til að athuga hvort Haraldur og Magni kæmu því í verð. Tengdapabbi segist geta gert það, þótt það taki einhvern tíma þar sem um einstakan grip sé að ræða. Nokkrum mánuðum seinna fer hann með bréfið til Stokkhólms og selur það þar. Hann færir lögfræðingnum ágóðann sem lætur svo eigandann fá hann. Tengdapabbi er alveg viss um hver eigandinn sem sendi lögfræðinginn er. Hann var tregur til að leyfa mér að gera heimildarmynd um málið, líka þar sem þetta er nafntogaður maður. Hann lést árið 2002 og á enga afkomendur, það var nú í því ljósi sem tengdapabbi féllst á að upplýsa hver maðurinn væri sem átti þetta bréf,“ segir Björn.

Í myndinni er rannsakað hvort þetta sé rétt hjá Harald, og hvernig viðkomandi hafi mögulega komist yfir bréfið. Leyndarmálinu er því ætlað að skýra eða hrekja fullyrðingar Haraldar um hver hafi selt bréfið árið 1972.

Leyndarmálið er frumsýnt í kvöld klukkan 20.00 á RÚV.

steingerdur@frettabladid.is



ÞÚ FINNUR NÝJAN 124 SÍÐNA BÆKLING FYRIR DANSKA DAGA á husgagnahollin.is

**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðstaf Bjarnason gustaf@torg.is, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Auður Húnfjörð audur@frettabladid.is, Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@frettabladid.is, Reynir Elís Þorvaldsson reynir@frettabladid.is, Örn Geirsson orn@frettabladid.is, FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is, RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is



MARGARITA



HAWAIIAN
skinka og ananas

3 STÓRAR GJÖRSAMLEGA

ÚT Í HUT

Minna álegg, miklu lægra verð!
Þú sækir stóra Margarita-, Pepperoni-
eða Hawaiian-pönnupizzu

1.699 KR



pizzahut.is - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði

PEPPERONI





550 5000

RITSTJÓRN
ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGAÐEILD
auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN
Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

BAKÞANKAR

Árna
Helgasonar



Illa útfærð innilokun

Úrskurður héraðsdóms um sóttkvíarhótelíð var athyglisverður. Ákvörðunin um að loka þá sem koma til landsins frá tilteknum löndum inni í fimm daga var ekki bara rangstæð gagnvart mannréttindum, stjórnarskrá og lagaheimildum heldur virtist hún hvorki vel undirbúin né úthugsuð.

Ekki virtist gert ráð fyrir að hótelfgestirnir fengju að komast út undir bert loft. Upplýsingar til hópsins voru af skornum skammti og dæmi um að fólk vissi ekki hvað til stæði fyrr en það var á leiðinni i einangrunina. Og það sérkennilegasta var að gestir hótelsins gátu hvað sem öllu leið farið ef þeir vildu. Þeir sem það gerðu voru vissulega tilkynntir til lögreglu og gátu þá fengið sekt en sóttvarnarókin fyrir því að einangra alla hina urðu afar óljós fyrir vikið.

Samanburðurinn er líka áhuga-verður. Þeir sem þurfa að fara í hefðbundna sóttkví eftir að hafa umgengist smitaðan einstakling hér innanlands gátu tekið þá sóttkví heima hjá sér eða uppi í bústað, án einangrunar eða eftirlits. Á sama tíma voru þeir, sem komu til landsins og höfðu þá þegar framvísað neikvæðu PCR-prófi og farið í skimun á landamærum, skikkaðir í fimm daga einangrunarvist. Þessi mikli munur á úrræðum stenst illa skoðun.

Við erum öll orðin dauðþreytt á þessu ástandi. Á tímum þegar það er aðsteðjandi ógn og stöðugur ótti er freistandi að taka upp ný og „beittari“ úrræði án tafar og ekki tefja málin um of með umræðum eða vangaveltum. Þá er einmitt hættan á að stjórnvöld fari of geyst og fram úr sér.

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



**FINNDU RÉTTA
STARFSKRAFTINN
Í MEST LESNA
ATVINNUBLAÐI
LANDSINS!***

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ



Komum út!

Verslaðu á 66north.is
Fylgdu okkur á Instagram @66north